

Fundargerð 280. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg
Fundardagur: þriðjudagur 2. maí 2023
Fundartími: 9:00-11:15
Fundarmenn: Árni Eiríksson oddviti
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
Walter Fannar Kristjánsson
Harpa Magnúsdóttir
Elín Höskuldsdóttir

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. Aðalskipulag Flóahrepps

Vigfús Þór Hróbjartsson skipulagsfulltrúi mætti til fundarins og fór yfir ýmis atriði varðandi mat á því hvort ástæða þyki til að fara í heildarendurskoðun eða breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps. Skv. 35. gr. skipulagslögum nr. 123/2010 skulu sveitarstjórnir meta hvort ástæða sé til endurskoðunar á aðalskipulagi. Sú ákvörðun skal m.a. taka mið af því hvort landsskipulagsstefna kalli á endurskoðun aðalskipulagsins. Um málsmeðferð á endurskoðaðri áætlun fer sem um gerð nýs aðalskipulags sé að ræða. Í sömu grein kemur fram að ef niðurstaða sveitarstjórnar sé að aðalskipulagið þarfist ekki endurskoðunar heldur það gildi sínu. Ákvörðun sveitarstjórnar skal að jafnaði liggja fyrir innan tólf mánaða frá sveitarstjórnarkosningum og skal niðurstaðan tilkynnt Skipulagsstofnun jafnskjótt og hún liggur fyrir.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að fara í heildarendurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Sveitarstjóra falið að tilkynna ákvörðun sveitarstjórnar til Skipulagsstofnunar og vinna málið áfram.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

2. Ársreikningur Flóahrepps 2022 – Seinni umræða

Ársreikningur Flóahrepps fyrir árið 2022 lagður fram til seinni umræðu í sveitarstjórn ásamt sundurliðanabók og endurskoðunarskýrslu. Fyrri umræða um ársreikninginn fór fram í sveitarstjórn þann 18. apríl 2023.

Samkvæmt ársreikningi sveitarfélagsins námu rekstrartekjur A og B hluta á árinu 2022 samtals 1.041,8 millj. kr., en þar af námu rekstrartekjur A hluta 1.010,2 millj. kr.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta var jákvæð um 11,9 millj. kr., en í A hluta var rekstrarniðurstaðan jákvæð um 8,0 millj. kr.

Veltufé frá rekstri A og B hluta nam 52,9 millj. kr., en 37,5 millj. kr. í A hluta.

Bókfært verð eigna sveitarfélagsins nam 1.056,3 millj. kr. í árslok 2022, eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 710,6 millj. kr. og skuldir og skuldbindingar sveitarfélagsins námu samtals 345,7 millj. kr. í árslok.

Skuldahlutfall sveitarfélagsins í árslok 2022 nam 33,2%.

Rekstrarjöfnuður sveitarfélagsins 2020-2022 var neikvæður um 5,9 millj. kr. Sveitarfélagið innleiddi á árinu 2022 reglugerðarbreytingu nr. 230/2021 á 20. gr. reglugerðar nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga. Breytingin felur í sér að samstarfsverkefni eru nú færð inn í samantekin reikningsskil sveitarfélagsins miðað við hlutfallslega ábyrgð sveitarfélagsins á rekstri samstarfsverkefnanna. Í ársreikningnum er hlutdeild sveitarfélagsins í einstökum liðum rekstrar og efnahags þessara samstarfsverkefna færð til samræmis við ábyrgð sveitarfélagsins. Í ársreikninginum hefur samanburðarfjárhæðum við árið 2021 verið breytt til samræmis.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir samhljóða ársreikning sveitarfélagsins fyrir árið 2022 og staðfestir hann með áritun sinni.



3. Ársreikningur Flóaljóss 2022

Ársreikningur Flóaljóss fyrir árið 2022 lagður fram.
Samkvæmt ársreikningi Flóaljóss námu rekstrartekjur stofnunarinnar 10,0 millj. kr. á árinu 2022. Rekstrarniðurstaða ársins var jákvæð um 3,6 millj. kr. Veltufé frá rekstri nam 6,8 millj. kr. Bókfært verð eigna Flóaljóss nam 121,8 millj. kr. í árslok 2022, eigið fé nam 81,6 millj. kr. og skuldir námu samtals 40,2 millj. kr.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir samhljóða ársreikning Flóaljóss fyrir árið 2022 og staðfestir hann með áritun sinni.

4. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 259, dags. 26.04.2023

- a) Eystri-Loftsstaðir 1 L227147 og Eystri-Loftsstaðir 3 L227148; Byggingarreitir; Deiliskipulag – 2304031

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til lóða Eystri-Loftsstaða 1 og 3. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir tveimur lóðum og tveimur byggingarreitum á hvorri þeirra og á þeim verði m.a. heimilt að reisa íbúðarhús, aukahús, hesthús og geymslu/skemmu.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslagar nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins þar sem m.a. er tiltekið að heimiluð er uppbygging á landspildum (smábýlum) m.a. til áhugabúskapar ef um fasta búsetu er að ræða, enda styrki það nýtingu núverandi veitukerfa, hamli ekki eðlilegri landbúnaðarstarfsemi né spilli góðu landbúnaðarlandi eða verndarsvæðum.

Fyrir liggur tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til lóða Eystri-Loftsstaða 1 og 3. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir tveimur lóðum og tveimur byggingarreitum á hvorri þeirra og á þeim verði m.a. heimilt að reisa íbúðarhús, aukahús, hesthús og geymslu/skemmu.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagt deiliskipulag og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslagar nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins þar sem m.a. er tiltekið að heimiluð er uppbygging á landspildum (smábýlum) m.a. til áhugabúskapar ef um fasta búsetu er að ræða, enda styrki það nýtingu núverandi veitukerfa, hamli ekki eðlilegri landbúnaðarstarfsemi né spilli góðu landbúnaðarlandi eða verndarsvæðum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- b) Fornustaðir L222006; Skilmálabreyting; Óveruleg deiliskipulagsbreyting – 2304034

Lögð er fram umsókn frá Þóri Haraldssyni er varðar breytingu á deiliskipulagi að Fornustöðum. Í breytingunni felst að almennum byggingarskilmálum vegna vélaskemmu á byggingarreit B1 verði breytt þannig heimiluð hámarksstærð vélageymslu verði allt að 300 m² og mesta vegghæð verði allt að 4.0 m.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykka viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslagar nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Fyrir liggur umsókn frá Þóri Haraldssyni er varðar breytingu á deiliskipulagi að Fornustöðum. Í breytingunni felst að almennum byggingarskilmálum vegna vélaskemmu á byggingarreit B1 verði breytt þannig heimiluð hámarksstærð vélageymslu verði allt að 300 m² og mesta vegghæð verði allt að 4.0 m. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslagar nr. 123/2010 er

varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi telur sveitarstjórn ekki þörf á grenndarkynningu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- c) **Rimar 12 L212355; Breyttir byggingaskilmálar; Deiliskipulagsbreyting – 2304021**
Lögð er fram umsókn frá Gísla Einari Ragnarssyni er varðar breytingu á skilmálum deiliskipulags fyrir íbúðarsvæðið Rima í landi Súluholts. Í breytingunni felst að hámarksmaðnushæð innan svæðisins verði hækkuð úr 6,0 m í 7,2 m og hámarksstærð húsa verði aukin úr 300 fm í 350 fm.
Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að afgreiðslu málsins verði frestað. Að mati nefndarinnar er nauðsynlegt að tilgreina lágmarks gólfkóta bygginga innan svæðisins samhlíða breytingu á skilmálum deiliskipulagsins vegna hugsanlegrar flóðahættu. Skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram.

Fyrir liggur umsókn frá Gísla Einari Ragnarssyni er varðar breytingu á skilmálum deiliskipulags fyrir íbúðarsvæðið Rima í landi Súluholts. Í breytingunni felst að hámarksmaðnushæð innan svæðisins verði hækkuð úr 6,0 m í 7,2 m og hámarksstærð húsa verði aukin úr 300 fm í 350 fm.

Sveitarstjórn Flóahrepps frestar afgreiðslu málsins þar sem sveitarstjórn telur nauðsynlegt að tilgreina lágmarks gólfkóta bygginga innan svæðisins samhlíða breytingu á skilmálum deiliskipulagsins vegna hugsanlegrar flóðahættu.
Skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- d) **Hnaus 2; Mosató 3 L225133; Stækkun hótel; Aðalskipulagsbreyting – 2207020**
Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 eftir kynningu. Með breytingu á aðalskipulagi er gert ráð fyrir auknu umfangi hótelins. Heimilt verður að byggja við núverandi hótel og fjölgja herbergjum úr 20 í 27. Heildarbyggingarmagn svæðis verður allt að 3.000 m³. Einnig er fellt út vatnsból, VB5, sem sett var inn með aðalskipulagsbreytingu, dags. 21.04.2020 í B-deild, enda er byggð tengd Vatnsveitu Flóahrepps. Samhlíða er unnið að breytingu aðalskipulags á Hnausjörðinni, þar sem skilgreind frístundabyggð og skógræktar- og landgræðsluslusvæði breytist í landbúnaðarland. Gerð er breyting á greinagerð aðalskipulags er varðar verslunar- og þjónustusvæðið VP11. Unnin er umhverfismatsskýrsla fyrir aðalskipulagsbreytinguna skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.
Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að framlögð tillaga að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna Hnauss 2, Mósatóar 3, verði samþykkt í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Mælist nefndin til þess að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31 sömu lagi að undangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar. Mælist nefndin til þess að tilkynning um auglýsingu breytingarinnar verði send eigendum aðliggjandi landeigna innan svæðisins þ.á.m. þeim sem hafa tengingu að sameiginlegum vegin að svæðinu frá þjóðvegi.

Fyrir liggur tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 eftir kynningu. Með breytingu á aðalskipulagi er gert ráð fyrir auknu umfangi hótelins. Heimilt verður að byggja við núverandi hótel og fjölgja herbergjum úr 20 í 27. Heildarbyggingarmagn svæðis verður allt að 3.000 m³. Einnig er fellt út vatnsból, VB5, sem sett var inn með aðalskipulagsbreytingu, dags. 21.04.2020 í B-deild, enda er byggð tengd Vatnsveitu Flóahrepps. Samhlíða er unnið að breytingu aðalskipulags á Hnausjörðinni, þar sem skilgreind frístundabyggð og skógræktar- og landgræðsluslusvæði breytist í landbúnaðarland. Gerð er breyting á greinagerð aðalskipulags er varðar verslunar- og þjónustusvæðið VP11. Unnin er umhverfismatsskýrsla fyrir aðalskipulagsbreytinguna skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna Hnauss 2, Mósató 3, í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31 gr. sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar. Jafnframt skuli tilkynning um auglýsingu breytingarinnar send eigendum aðliggjandi landeigna innan svæðisins þ.a.m. þeim sem hafa tengingu að sameiginlegum vegi að svæðinu frá þjóðvegi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

e) **Mosató 3 L225133; Aukið byggingamagn; Deiliskipulagsbreyting – 2111083**

Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar er varðar Mosató 3 L225133. Í breytingunni felst aukið byggingarmagn á lóð hótelsins. Heimilt verði að hafa hótelíð á 2 hæðum. Samtals er gert ráð fyrir um 3.000 m² byggingarmagni á lóðinni. Stækken hótels og tæknirýmis eru þar innifalín ásamt jarðhýsi með böðum og sauna sem búið er að byggja. Gert er ráð fyrir allt að 27 hótelherbergjum, veitingasal, eldhúsi, móttöku, skrifstofu fyrir starfsmenn, herbergi starfsmanna, salerni, skolherbergi, inntaksrými og fl. Stök lítil (65m²) starfsmannahús eru einnig heimiluð á lóðinni enda tengjast þau beint starfsemi hótelsins. Hámarkshæð frá gólfí í mæni er 8 m. Heimild er að setja lyftu í hótelíð og á þeim stað má heildarhæð vera í samræmi við þann búnað sem lyftuhús krefst. Samhliða er unnið að breytingu á aðalskipulagi sem tekur til aukinna heimilda á lóðinni.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að viðkomandi breyting á deiliskipulagi svæðisins verði samþykkt. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytingar á deiliskipulagi og verði auglýst samhliða breytingu á aðalskipulagi. Mælist nefndin til þess að tilkynning um auglýsingu breytingarinnar verði send eigendum aðliggjandi landeigna innan svæðisins auk þeirra sem hafa tengingu að sameiginlegum vegi að svæðinu frá þjóðvegi og þeim gefinn kostur á að koma á framfærri umsögnum eða athugasemdum vegna málsins.

Fyrir liggur tillaga deiliskipulagsbreytingar er varðar Mosató 3 L225133. Í breytingunni felst aukið byggingarmagn á lóð hótelsins. Heimilt verði að hafa hótelíð á 2 hæðum. Samtals er gert ráð fyrir um 3.000 m² byggingarmagni á lóðinni. Stækken hótels og tæknirýmis eru þar innifalín ásamt jarðhýsi með böðum og sauna sem búið er að byggja. Gert er ráð fyrir allt að 27 hótelherbergjum, veitingasal, eldhúsi, móttöku, skrifstofu fyrir starfsmenn, herbergi starfsmanna, salerni, skolherbergi, inntaksrými og fl. Stök lítil (65m²) starfsmannahús eru einnig heimiluð á lóðinni enda tengjast þau beint starfsemi hótelsins. Hámarkshæð frá gólfí í mæni er 8 m. Heimild er að setja lyftu í hótelíð og á þeim stað má heildarhæð vera í samræmi við þann búnað sem lyftuhús krefst. Samhliða er unnið að breytingu á aðalskipulagi sem tekur til aukinna heimilda á lóðinni.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytingar á deiliskipulagi og verði auglýst samhliða breytingu á aðalskipulagi. Jafnframt skuli tilkynning um auglýsingu breytingarinnar send eigendum aðliggjandi landeigna innan svæðisins auk þeirra sem hafa tengingu að sameiginlegum vegi að svæðinu frá þjóðvegi og þeim gefinn kostur á að koma á framfærri umsögnum eða athugasemdum vegna málsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

f) **Loftsstaðir-Vestri; verslunar- og þjónustusvæði; Deiliskipulag – 2204020**

Fyrir liggur tillaga er varðar nýtt deiliskipulag innan jarðarinnar Loftsstaðir-Vestri eftir yfirferð Skipulagsstofnunar. Innan deiliskipulagsins er gert ráð fyrir heimildum er varðar uppbryggingu á allt að 11 gistihúsum, 40-75 fm að stærð hvert, auk þess sem gert er ráð fyrir heimild fyrir uppbryggingu þjónustuhúss allt að 120 fm að stærð. Auk þess er gert ráð fyrir heimild fyrir uppsetningu tjalda til útleigu fyrir gistingu, annars vegar 22 fm að stærð og hins vegar 48 fm að stærð. Umsagnir bárust á auglýsingatíma tillögunnar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum.

Breytingar hafa verið gerðar á deiliskipulagstillöggunni eftir auglýsingu. Skipulagssvæðið er stækkað tölvert frá fyrri tillögu m.a. með það að markmiði að færa uppbyggingarsvæðið fjær Loftstöðum-Eystri og til að taka tillit til fornleifa innan skipulagssvæðisins. Byggingarreitum fjölgar en byggingarmagn og fjöldi bygginga er óbreyttur. Athugasemdir voru gerðar við gildistöku deiliskipulagsins af hálfu Skipulagsstofnunar.

Skipulagsnefnd tekur undir athugasemdir Skipulagsstofnunar og mælist til þess að afgreiðslu málsins verði frestað þar til brugðist hefur verið við athugasemdum Skipulagsstofnunar vegna málsins með fullnægjandi hætti þar sem við á.

Fyrir liggur tillaga er varðar nýtt deiliskipulag innan jarðarinnar Loftsstaðir-Vestri eftir yfirferð Skipulagsstofnunar. Innan deiliskipulagsins er gert ráð fyrir heimildum er varðar uppbyggingu á allt að 11 gistihsúsum, 40-75 fm að stærð hvert, auk þess sem gert er ráð fyrir heimild fyrir uppbyggingu þjónustuhúss allt að 120 fm að stærð. Auk þess er gert ráð fyrir heimild fyrir uppsetningu tjálfa til útleigu fyrir gistingu, annars vegar 22 fm að stærð og hins vega 48 fm að stærð. Umsagnir bárust á auglýsingatíma tillögunnar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum. Breytingar hafa verið gerðar á deiliskipulagstillöggunni eftir auglýsingu.

Skipulagssvæðið er stækkað tölvert frá fyrri tillögu m.a. með það að markmiði að færa uppbyggingarsvæðið fjær Loftstöðum-Eystri og til að taka tillit til fornleifa innan skipulagssvæðisins. Byggingarreitum fjölgar en byggingarmagn og fjöldi bygginga er óbreyttur. Athugasemdir voru gerðar við gildistöku deiliskipulagsins af hálfu Skipulagsstofnunar.

Sveitarstjórn Flóahrepps tekur undir athugasemdir Skipulagsstofnunar og frestar afgreiðslu málsins þar til brugðist hefur verið við athugasemdum Skipulagsstofnunar vegna málsins með fullnægjandi hætti þar sem við á.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- g) **Laugardælur L166253; Nýr hringvegur um Ölfusá; Framkvæmdaleyfi – 2302007**
Fyrir liggur umsókn frá Vegagerðinni er varðar útgáfu framkvæmdaleyfis. Um er að ræða leyfi vegna nýs hringvegar um Ölfusá frá hringtorgi við Biskupstungnabraud að núverandi hringvegi austan Gaulverjabæjarvegar í takt við framlagða umsókn.

Markmið framkvæmdarinnar er aukið umferðaráryggi með aðskilnaði akstursstefna, fækkun tenginga og færslu þjóðvegaumferðar út fyrir þéttbýlið á Selfossi. Þá er verið að styrkja vegakerfið með nýrri brú á Ölfusá sem mun beina þungaumferð af núverandi brú á Ölfusá sem hefur takmarkaða burðargetu. Lögd er fram greinargerð vegna útgáfu framkvæmdaleyfis í samræmi við 10. og 12. gr. reglugerðar 772/2012 um framkvæmdaleyfi og 3. mgr. 27. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, þar sem tiltekið er að leyfisveitandi skuli taka saman greinargerð um afgreiðslu leyfis þar sem gerð er rökstudd grein fyrir samræmi við niðurstöðu álíts Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdarinnar.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að útgáfa framkvæmdaleyfi verði samþykkt á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Framkvæmdaleyfi skal bundið eftirfarandi skilyrðum í takt við framlagða greinargerð:

- *Framkvæmdin skal unnin í samræmi við fyrirliggjandi gögn. Leyfishafa er skylt að óska samþykktis leyfisveitenda fyrir breytingum á framkvæmdinni.*
- *Leyfishafi skal fylgja gildandi skipulagi við framkvæmdirnar.*
- *Leyfishafi skal fylgja nauðsynlegum mótvægisáðgerðum og áætlumum um vöktum til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á umhverfið og til að tryggja öryggi. Sjá samantekt mótvægisáðgerða, vöktunar og frágangs innan framlagðrar greinargerðar.*
- *Leyfishafi skal afla annarra nauðsynlegra leyfa fyrir framkvæmdinni.*
- *Leyfi Fiskistofu til framkvæmda sem geta haft áhrif á fiskgengd, samanber 33. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006. Með umsókn framkvæmdaraðila um leyfi til framkvæmda við ár og vötn skulu fylgja álit viðkomandi veiðifélags þegar það á við og umsögn sérfreðings á sviði veiðimála um hugsanleg áhrif framkvæmdar á lífríki*

veiðivatns. Fyrir liggur leyfi Fiskistofu í bréfi dags. 2. febrúar 2023, umsögn Hafnarfossóknastofnunar dags. 26. október 2022 og umsögn veiðifélags Árnesinga dags. 30. október 2022.

- Leyfi Minjastofnunar Íslands ef hreyfa þarf við fornleifum, samanber 21. gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012.

- Umsögn Samgöngustofu vegna hæðar mannvirkja og áhrifa á lendingu og flugtak flugvélá við Selfoss og hvort nauðsynlegt sé að merkja nýja brú yfir Ölfusá sérstaklega sem hindrun vegna flugs, sbr. ákvörðum Samgöngustofu nr. 1/2019 um lýsingu og merkingu hindrana. Umsögn Samgöngustofu liggur fyrir í bréfi dags. 2. desember 2022 og hefur stofnumin staðfest að mannvirknið falli ekki undir 7 gr. ákvörðunar Samgöngustofu nr. 1/2019 en að meta þurfði þörf á að birta upplýsingar um brúna á flugkortum.

- Starfsleyfi Heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna fyrir tímabundinni vinnuaðstöðu sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengumarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun

frá atvinnurekstri og mengumarvarnareftirlit (viðauki X).

- Öll gjöld og kostnaðir skulu greidd.

Allar breytingar á framkvæmd skal tilkynna til sveitarfélaganna og Skipulagsstofnunar. Framkvæmdaleyfi þetta tekur gildi þegar gjöld hafa verið greidd, sbr. 13. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Framkvæmdaraðila ber að hafa framkvæmdaleyfi aðgengilegt á verkstað á framkvæmatíma. Afrit af framkvæmdaleyfi verður sent til Umhverfisstofnunar sbr. 6. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn að hlutaðeigandi jarðareigendum verði grenndarkynnt framkvæmdaleyfið fyrir útgáfu þess og þeim gefinn kostur á að koma á framþári ábendingum eða athugasemdu við útgáfu leyfisins og framsetningu þess.

Fyrir liggur að nýju umsókn frá Vegagerðinni er varðar útgáfu framkvæmdaleyfis. Um er að ræða leyfi vegna nýs hringvegar um Ölfusá frá hringtorgi við Biskupstungnabraut að núverandi hringvegi austan Gaulverjabærjarvegar í takt við framlagða umsókn. Markmið framkvæmdarinnar er aukið umferðaröryggi með aðskilnaði akstursstefna, fækkan tenginga og færslu þjóðvegaumferðar út fyrir þéttbýlið á Selfossi. Þá er verið að styrkja vegakerfið með nýrri brú á Ölfusá sem mun beina þungaumferð af núverandi brú á Ölfusá sem hefur takmarkaða burðargetu. Lögð er fram greinargerð vegna útgáfu framkvæmdaleyfis í samræmi við 10. og 12. gr. reglugerðar 772/2012 um framkvæmdaleyfi og 3. mgr. 27. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, þar sem tiltekið er að leyfisveitandi skuli taka saman greinargerð um afgreiðslu leyfis þar sem gerð er rökstudd grein fyrir samræmi við niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdarinnar.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 13. gr. skipulagsлага nr. 123/2010. Framkvæmdaleyfi skal bundið eftirfarandi skilyrðum í takt við framlagða greinargerð:

- Framkvæmdin skal unnin í samræmi við fyrirliggjandi gögn. Leyfishafa er skylt að óska samþykkis leyfisveitenda fyrir breytingum á framkvæmdinni.

- Leyfishafi skal fylgja gildandi skipulagi við framkvæmdirnar.

- Leyfishafi skal fylgja nauðsynlegum mótvægisáðgerðum og áætlunum um vöktun til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á umhverfið og til að tryggja öryggi. Sjá samantekt mótvægisáðgerða, vöktunar og frágangs innan framlagðrar greinargerðar.

- Leyfishafi skal afla annarra nauðsynlegra leyfa fyrir framkvæmdinni.

- Leyfi Fiskistofu til framkvæmda sem geta haft áhrif á fiskgengd, samanber 33. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006. Með umsókn framkvæmdaraðila um leyfi til framkvæmda við ár og vötn skulu fylgja álit viðkomandi veiðifélags þegar það á við og umsögn sérfræðings á sviði veiðimála um hugsanleg áhrif framkvæmdar á lífriki og veiðivatns. Fyrir liggur leyfi Fiskistofu í bréfi dags. 2. febrúar 2023, umsögn

Hafrannsóknastofnunar dags. 26. október 2022 og umsögn veiðifélags Árnesinga dags. 30. október 2022.

- Leyfi Minjastofnunar Íslands ef hreyfa þarf við fornleifum, samanber 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.
- Umsögn Samgöngustofu vegna hæðar mannvirkja og áhrifa á lendingu og flugtak flugyéla við Selfoss og hvort nauðsynlegt sé að merkja nýja brú yfir Ölfusá sérstaklega sem hindrun vegna flugs, sbr. ákvörðun Samgöngustofu nr. 1/2019 um lýsingu og merkingu hindrana. Umsögn Samgöngustofu liggur fyrir í bréfi dags. 2. desember 2022 og hefur stofnunin staðfest að mannvirkioð falli ekki undir 7 gr. ákvörðunar Samgöngustofu nr. 1/2019 en að meta þurfi þörf á að birta upplýsingar um brúna á flugkortum.
- Starfsleyfi Heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna fyrir tímabundinni vinnuaðstöðu sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit (viðauki X).
- Öll gjöld og kostnaður skulu greidd.

Allar breytingar á framkvæmd skal tilkynna til sveitarfélaganna og Skipulagsstofnunar. Framkvæmdaleyfi þetta tekur gildi þegar gjöld hafa verið greidd, sbr. 13. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Framkvæmdaraðila ber að hafa framkvæmdaleyfi aðgengilegt á verkstað á framkvæmdatíma. Afrit af framkvæmdaleyfi verður sent til Umhverfisstofnunar sbr. 6. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Sveitarstjórn Flóahrepps fer fram á að hlutaðeigandi jarðareigendum verði grenndarkynnt framkvæmdaleyfið fyrir útgáfu þess og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri ábendingum eða athugasemdum við útgáfu leyfisins og framsetningu þess.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

5. Afgreiðslufundir byggingafulltrúa nr. 183, dags. 25.04.2023

Lagt fram til kynningar.

6. Erindi frá eigendum Hallanda 1A: Vegna Fossmýri L224005; Smábýlabyggð;

Deiliskipulag – 2302024

Fyrir liggur erindi frá eigendum Hallanda 1A vegna tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til lands Fossmýri L224005. Í erindi benda eigendur Hallanda 1A á að aðgengi um Hallandaveg nr. 3156 auk vegslóða frá Hallanda 1 og í átt að Hvítá sé ómögulegt þar sem ekki er nægt pláss fyrir vegstæði. Einnig er bent á að vegurinn er með öllu ófær stóran part árs og að hvorugur þessara vega/slóða séu hugsaðir fyrir almenna bílaumferð.

Sveitarstjórn þakkar innsett erindi. Ljóst er að samrit erindis hefur verið sent til Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita og munu athugasemdir og mótmæli vera tekin fyrir á fundi skipulagsnefndar eftir að kynningartíma lýkur og þeirri bókun komið áfram á sveitarstjórn Flóahrepps til afgreiðslu. Sveitarstjórn leggur áherslu á að öllum þáttum erindis verði gerð greinargóð skil og mun sveitarstjórn svara erindi formlega í kjölfar bókunar skipulagsnefndar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

7. Markaðsstofa Suðurlands ses. - Könnun til sveitarfélaga

Fyrir liggur könnun frá Markaðsstofu Suðurlands þar sem óskað er eftir því að sveitarstjórn, ásamt fulltrúa sveitarfélagsins í Faghópi sveitarfélaganna um ferðamál á Suðurlandi, fjalli um og svari sameiginlega.

Sveitarstjórn Flóahrepps hefur kynnt sér könnun frá Markaðsstofu Suðurlands og felur sveitarstjóra að svara könnun sem fulltrúi sveitarstjórnar og fulltrúi sveitarfélagsins í Faghópi um ferðamál á Suðurlandi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

8. Erindi frá Hestamannafélaginu Sleipni – Styrkbeiðni

Fyrir liggur styrkbeiðni frá Hestamannafélaginu Sleipni vegna Íslandsmóts 2023 á Brávöllum sem félagið stendur að nú í sumar.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að styrkja Hestamannafélagið Sleipni um 50.000 kr vegna Íslandsmóts 2023.

Samþykkt með 5 atkvæðum.



- 9. Erindi frá Hestamannafélaginu Sleipni – Félags hús 2023-2024**
Fyrir liggur erindi um endurnýjun á stuðningi við rekstur félagshesthúss Sleipnis. Um er að ræða tímabilið 2023-2024. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti í janúar 2022 að styrkja verkefnið um 150.000 kr. Þar sem ekki er um fastan samning að ræða frá fyrra ári var ekki gert ráð fyrir stuðningi við Félagshesthús í fjárhagsáætlun ársins. Sveitarstjóra falið að meta hvort nýta megi aðra liði innan fjárhagsáætlunar sem falla undir íþróttu- og æskulýðsmál. Sveitarstjórn bendir á mikilvægi þess að verkefnið sé kynnt vel fyrir íbúum sveitarfélagsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- 10. Upplýsingar úr bókhaldi janúar-mars**
Sveitarstjóri kynnti stöðu málaflokka eftir fyrsta ársfjórðung 2023. Staða er eftirfarandi:

Málaflokkur	Hlutfall af áætlun ársins
Félagsþjónusta	28%
Fræðslu- og uppeldismál	23,88%
Menningarmál	11,31%
Æskulýðs- og íþróttamál	11,83%
Brunamál- og almannavarnir	32,96%
Hreinlætismál	-648,77%*
Skipulags- og byggingarmál	24,97%
Umferðar- og samgöngumál	27,82%
Umhverfismál	10,66%
Atvinnumál	4,4%
Sameiginlegur kostnaður	26,09%

*Pjónustugjöld koma öll fram í upphafsálagningu ársins vegna sorphirðu.

Ef skoðaðir eru þrír stærstu málaflokkarnir: Fræðslu- og uppeldismál, sameiginlegur kostnaður og menningarmál þá sést að ráðstöfun fjármuna fyrstu þrijá mánuði ársins er á góðu róli og má nefna að staða stærstu deilda sveitarfélagsins þ.e. leik- og grunnskóla er innan við 25% miðað við áætlun ársins hjá báðum deildum.

11. Fundargerðir:

- a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 279, dags. 18.04.2023
- b) Fræðslunefndar nr. 142, dags. 18.04.2023
Varðandi lið 10 í fundargerð þá liggur fyrir erindisbréf fræðslunefndar eftir umfjöllun nefndarinnar
Sveitarstjórn staðfestir fyrilliggjandi erindisbréf fyrir fræðslunefnd Flóahrepps.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
- c) Umhverfis- og samgöngunefndar nr. 3, dags. 18.04.2023
Varðandi lið 2 í fundargerð þá þakkar sveitarstjórn fyrir tillögur nefndarinnar varðandi meðhöndlun dýrahræja og ljóst að það þarf að vinna þær tillögur áfram í samráði við landbúnaðar- og atvinnumálanefnd og sveitarstjórn í samræmi við lög um meðhöndlun úrgangs. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram með ofangreindum nefndum.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
Varðandi lið 3 í fundargerð þá tekur sveitarstjórn Flóahrepps jákvætt í tillögu um hreinsunarátak og felur sveitarstjóra að útfæra tillöguna og auglýsa fyrir íbúum.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
Varðandi lið 4 í fundargerð þá liggur fyrir erindisbréf umhverfis- og samgöngunefndar eftir umfjöllun nefndarinnar.
Sveitarstjórn staðfestir fyrilliggjandi erindisbréf fyrir umhverfis- og samgöngunefnd Flóahrepps.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
- d) Stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga nr. 59, dags. 24.03.2023 og nr. 60, dags. 04.04.2023
- e) Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands nr. 318, dags. 17.04.2023
- f) Stjórnar byggðasamlags UTU nr. 98, dags. 22.02.2023 og nr. 99, dags. 08.03.2023
- g) Framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnessinga bs. nr. 9, dags. 24.03.2023 og nr. 10, dags. 14.04.2023
- h) Framkvæmdaráðs Almannavarna Árnessýslu nr. 2, dags. 25.04.2023



- i) Almannahavarnefndar Árnessýslu dags. 17.01.2023
- j) Aukaaðalfundur Samtaka Orkusveitarfélaga dags. 21.04.2023

12. Efni til kynningar

- a) Frá nefndasviði Alþingis:
 - a. Til umsagnar 922. mál: Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum í þágu barna (samþætting þjónustu o.fl.)
 - b. Til umsagnar 956. mál: Frumvarp til laga um Mennta- og skólabjónustustofu.
 - c. Til umsagnar 945. mál: Frumvarp til laga um kosningalög o.fl. (ýmsar breytingar).
- b) Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf. verður 9. maí 2023
- c) Næsti fundur sveitarstjórnar verður þriðjudaginn 6. júní.

13. Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarmálabók.

Árni Eiríksson (sign)

Walter Fannar Kristjánsson (sign)

Elin Höskuldsdóttir (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)

Harpa Magnúsdóttir (sign)


Walter Fannar Kristjánsson
Hulda Kristjánsdóttir
Harpa Magnúsdóttir
Elin Höskuldsdóttir

Fundargerð 281. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg
Fundardagur: þriðjudagur 8. maí 2023
Fundartími: 16:00-17:00
Fundarmenn: Árni Eiríksson oddviti
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
Walter Fannar Kristjánsson
Harpa Magnúsdóttir
Elín Höskuldsdóttir

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð aukafundar. Engar athugasemdir gerðar. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarmálabók.

2. Ráðning skólastjóra Flóaskóla

Staða skólastjóra Flóaskóla var auglýst þann 31. mars og var umsóknarfrestur veittur til 16. apríl. 11 umsóknir bárust en tveir umsækjendur drógu umsóknir sínar til baka. Hluti þessara 9 umsækjenda var boðaður í fyrsta viðtal og tveimur umsækjendum var boðið í framhaldsviðtal í kjölfarið. Sveitarstjórn Flóahrepps hefur haft aðgang að öllum gögnum er varða ráðningu svo sem greinargerð frá Hagvangi, umsóknir, kynningarbréf umsækjenda, gögn úr viðtölum, mat á hæfni og umsögnum frá umsagnaraðilum.

Sveitarstjórn Flóahrepps hefur farið ítarlega yfir ofangreind gögn og er það samhljóða niðurstaða sveitarstjórnar að bjóða Þórunni Jónasdóttur starfið. Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að ganga frá ráðningunni.

Samþykkt með 5 atkvæðum.


Árni Eiríksson (sign)

Walter Fannar Kristjánsson (sign)

Elín Höskuldsdóttir (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)

Harpa Magnúsdóttir (sign)



Fundargerð 143. fundar fræðslunefndar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg

Fundardagur: Þriðjudagur 16.maí 2023

Fundartími: Flóaskóli: 16:00 – 16:45

Sameiginleg málefni 16:50 – 17:30

Krakkaborg: 17:30 – 18:00

Fundarmenn: Bjarni Stefánsson, formaður

Margrét Drífa Guðmundsdóttir, vara formaður

Axel Páll Einarsson ,ritari

Sævar Örn Sigurvinsson,Varamaður

Hjalti Guðmundsson, aðalmaður

Gunnlaug Hartmannsdóttir, skólastjóri Flóaskóla

Sigríður Oddný Stefánsdóttir, fulltrúi kennara Flóaskóla.

Sara Guðjónsdóttir, leikskólastjóri Krakkaborgar

Benidikt Karl Gröndal, fulltrúi starfsmanna Krakkaborgar. Veikur

Kristrún Jónsdóttir, fulltrúi foreldra Krakkaborgar. Forfallaðist

Dagskrá:

Flóaskóli:

1. Ráðning skóastjóra. Þórunn Jónasdóttir hefur verið ráðinn sem nýr skólastjóri Flóaskóla. Alls bárust 11 umsóknir en Hagvangur fór í gegnum þær og mat hafi umsækenda. Sveitastjórn tók svo loka ákvöðrun með ráðningu. Fræðslunefnd óskar Þórunni Jónasdóttur til hamingju og velfarnaðar í starfi.
2. Fréttir af skólastarfinu, ráðningar og mönnun næsta skólaárs og væntanlegur nemendafjöldi. Gunnlaug hefur minnkað starfhlutfall sitt niður í 60% og hafa Sigrún og Jóhanna Margrét hlaupið í skarðið.

Auglýstar hafa verið stöður réttinda kennara og ráðningar ganga vel. Nemendum fækkar niður í 105 nemendur á næsta ári og hefur það áhrif á skipulag starfsmannahald.

Sjöundi bekkur tók þátt í Stóru upplestararkeppninni. Flóaskóli náði þeim góða árangri að vinna sinn riðil í Skólahreysti og ætlar skólinn að fjölmenna í Laugardalshöllinni í úrslitakeppninni 20. Maí. Svo er fjölbreytt vordagsskrá í skólanum þessa daganna.

3. Skólaakstur. Lögð eru til kynningar drög að skipulagi skólaaksturs. Sveitastjórn leggur áherslu á að nemendur sitji ekki lengur í skólabíl en í 50 nínútur á dag að jafnaði, reglugerð gerir ráð fyrir 60 mínútum. Fræðslunefnd leggur áherslu á að skólabílar séu í góðu ásigkomulagi og að vegum í hrepnum sé haldið við.
4. Vinna undirbúningshóps skólabyggingar. Hópurinn, verkefni og störf hans aðeins kynnt lauslega fyrir nefndinni.
5. Önnur mál. Erindisbréf fyrir bæði skólastjóra Flóaskóla og Krakkaborgar verður kynnt og sent til nefndarmanna.

Bj. SL.

Bjarni St. Jónasson
Fræðslunefnd
Sjg. Íðræði Óðleif Ófeinsdóttir
Margrét Þóra Guðmundsdóttir
Jónas Ólafsson
Jónas Þorður
Axel Pall Einarsson

Sameiginlegt:

6. Skólastefna Flóahrepps. Skipulag skólastefnu Flóahrepps rædd innan nefndarinnar og endurspeglar stefnan vel núverandi skólastarf skólanna. Rætt var um að efla samstarf foreldra og starfsmanna. Skólastjórar skólanna hvattir til áframhaldandi góðs smstarfs.
7. Önnur mál. Ósk um að skóladagatöl skólanna séu sett á heimasíður skólanna eða sent til foreldra.

Gunnlaugu Hartmannsdóttur er þakkar kærlega fyrir mjög gott samstarf við nefndina og var henni afhennt Lyngrós í þekklætisskyni.

Bjarni Stefansson
Guðrún Þórhallsdóttir
Sigrún Ólafsdóttir
Margrét Ólafsdóttir
Jón Guðmundsson
Sæmundur Þorsteinsson
Jónas Guðmundsson
Rælpall Einarsson

Krakkaborg:

8. Fréttir af leikskólastarfinu – stutt samantekt Starfsmenn eru að fara til Brighton í námsferð, nýtt gróðurhús verður sett upp bráðlega, nýr starfsmaður tekur til starfa í haust.
9. Endurskoðun á gjaldskrá leikskólans. Hafa verið kynntar.
10. Önnur mál. Engin önnur mál.

Björn Stefansson
Jóhannes Einarsson
Guðrún Þórhildur Guðmundsdóttir
Sæmundur Ólafsson
Axel Pall Ólafsson



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG Flóahreppur

vellíðan fyrir alla

Fundargerð

Fundur númer	Dagsetning og tími	Fundarstaður
1	17.2.2023	Pingborg

Nöfn viðstaddir nefndarmanna	Titill/fulltrúi
Sigrún Helgadóttir	Fulltrúi Flóaskóla
Örvar Rafn Hlíðdal	Formaður, fulltrúi félagsmiðstöðvar og ungmannafélags Þjótanda
Markús Ívarsson	Fulltrúi eldri kynslóða Flóahrepps

Viðfangsefni fundar

- Framtíðssýn stýrihóps og vinnuframlag
 - 6 fundir að hámarki á ári?
- Verkefni stýrihóps í erindisbréfi
 - breytingatillögur?
- Fundaskipulag og verkáætlun fyrir veturinn 2023-2024

Örvar stýrir fundi og Sigrún ritar fundargerð.

Umræður og verkefni ásamt markmiðum hópsins.

Farið yfir erindisbréf og samkvæmt því kemur fram að fulltrúi frá sveitarstjórn sitji fundi en ekki að það sitji fulltrúi fyrir hönd sveitastjórnar. Hópurinn veltir því fyrir sér hvort fulltrúi frá sveitarstjórn eigi að sitja fundina.

Farið yfir hvernig hópurinn ætlar að starfa næsta ár. Ákveðið að búa til starfsáætlun á 1.fundi út frá erindisbréfi.

Hópurinn ætlar að tengja sig saman á samfélagsmiðlum til að deila hugmyndum og ræða saman um starfið ásamt því tengjast betur við heilsueflandi samfélög í kringum okkur.

Umræður um gátlista og megin þætti næsta veturs.

Næsti fundur áætlaður í september þar sem farið verður yfir veturinn og gerð drög að fjárhagsáætlun.

Fundi slitið kl. 15:00



Héraðsnefnd Árnesinga bs.

29. fundur haldinn
að Hótel Vatnsholti
28. apríl 2023

1. Fundarsetning

Helgi Kjartansson, formaður Héraðsnefndar Árnesinga bs., setur fundinn og býður fulltrúa velkomna. Í upphafi fundar kallaður formaður eftir athugasemdum við útsent fundarboð. Engar athugasemdir eru gerðar. Einnig leggur hann til að formaður verði fundarstjóri og Rósa Sif Jónsdóttir, verði fundarritari, er það samþykkt samhljóða. Síðan er gengið til dagskrár.

2. Skýrsla og fundargerðir framkvæmdastjórnar

Helgi Kjartansson, formaður fer yfir fundargerðir framkvæmdastjórnar nr. 6 frá 8. desember, nr. 7 frá 3. janúar, nr. 8 frá 16. janúar, nr. 9 frá 24. mars og nr. 10 frá 14. apríl. og 27. fundargerð héraðsnefndar frá 11. október og 28. fundargerð héraðsnefndar, aukafundur frá 10. janúar.

Fundargerðir eru bornar upp til samþykktar og samþykktar samhljóða.

Formaður gefur orðið laust, enginn tekur til máls.

3. Tónlistarskóli Árnesinga

Helga Sighvatsdóttir fer yfir ársreikning og svarar fyrirspurnum. Reikningurinn er lagður fram og staðfestur. Fundargerð stjórnar er lögð fram til kynningar.

Helga ræðir um vetrarstarfið. Tónleikar hafa verið í blóma og hafa nemendur tekið þátt í tónleikum bæði innan og utan lands meðal annars töku þrír nemendur þátt á tónleikum í Royal Albert Hall. Kennrar sóttu tónlistarráðstefnu í Hörpu í upphafi vetrar og var það mjög eflandi í upphafi skólaárs. Minnir hún á hvað tónlist hefur góð áhrif á heilsu og líðan fólks á öllum aldri.

Skipt var um nemendakerfi og hafa stjórnendur verið að læra á kerfið sem er enn í þróun. Tónlistarskóli Árnesinga hlaut Menntaverðlaun Suðurlands 2022. Eru verðlaunin þýðingarmikil fyrir bæði starfsmenn og nemendur og gríðarleg hvatning fyrir áframhaldandi eflingu skólastarfsins. Haldnir hafa verið margir tónleikar á skólaárinu, strengjamót var haldið á Selfoss og vorum um 250 þátttakendur af öllu landinu í lokin voru svo haldnir tónleikar með öllum þátttakendum. Stærsta verkefni vetrarins var dagskrá

á Laugarvatni þar sem flutt voru lög Gunnars Þórðarsonar, um 130 nemendur og kennarar tóku þátt í verkefninu. Gítarsveit TÁ tók þátt í hátíðartónleikum Nótunnar sem fram fór í Hörpunni. Haldin var fjölbreytt smiðjuvika og voru 42 smiðjur á 9 kennslustöðum og þótti heppnast mjög vel.

Framundan er framhaldspróf og fleiri tónleikar.

Til máls taka auk formanns Árni Eiríksson og Eyþór H. Ólafsson.

4. Listasafn Árnesinga

Arna frá Gunnarsdóttir, formaður stjórnar LÁ fer yfir ársreikning og svarar fyrirspurnum. Reikningurinn er lagður fram og staðfestur. Fundargerð stjórnar lögð fram til kynningar.

Arna ír ræðir um frábært starf Listasafnsins. Í ár er afmælisár og verða settar upp sýningar eftir aðila úr sýslunni, m.a. Ásgrím Jónsson listmálara og eru margar flottar sýningar framundan ásamt viðburðum.

Hvetur Arna ír sveitarstjórnarmenn til að sækja sýningarnar og viðburði.

Huga þarf að viðhaldi og viðgerðum á húsnæðinu.

Til máls taka auk formanns Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Arnar Freyr Ólafsson, Sigurjón Vídalín Guðmundsson, Jón Bjarnason, Eyþór H. Ólafsson og Grétar Ingi Erlendsson.

5. Brunavarnir Árnesinga

Auðunn Guðjónsson frá KPMG, fer yfir ársreikning og svarar fyrirspurnum. Reikningurinn er lagður fram og staðfestur. Fundargerðir stjórnar lagðar fram til kynningar.

Til máls taka auk formanns Arnar Freyr Ólafsson og Lárus Kristinn Guðmundsson, varaslökkviliðsstjóri.

Lárus Kristinn Guðmundsson varaslökkviliðsstjóri fer yfir starfsemina Brunavarnir Árnessýlu. Fer hann yfir útkallstölfraði á stöðvar BÁ og forgangsskiptingu útkalla. Árið 2022 voru fjöldi útkalla 301 þar af voru 24 á F1 í forgangi. Flest útkalla eru í kringum Selfoss og uppsveitirnar. Einnig voru 4 útköll þar sem hópur var sendur vegna útkalla á höfuðborgarsvæðinu. Samstarfsamningur er í gagni milli Brunavarna Árnessýlu og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins.

Á bilinu 70-80 æfingar voru haldnar fyrir slökkviliðsmenn á árinu 2022. Reynt er að fara sem víðast og æfa. Hver slökkviliðsmaður þarf að skila inn 45 klst. á æfingum til að halda sínum leyfum.

Fer hann yfir brunagátt HMS sem nýlega var tekin í notkun. Með gáttinni er mun auðveldara að skila inn upplýsingum frá brunavörum. Halda þarf skrá yfir og skila inn upplýsingum varðandi útköll, menntun slökkviliðsmanna, skrá yfir bilanir og endurnýjanir á búnaði og ökutækjum, æfingar og fl. Einnig eru þarna inni upplýsingar um slökkviliðsmennina sjálfar.

Á árinu 2022 voru 1265 brunaeftirlitsverkefni. Meðal verkefna eru öryggis og lokaúttektir, eldvarnarskoðanir, umsagnir rekstrarskoðanir, fundir og ráðgjöf, heimsóknir og forvarnir hjá leik- og grunnskólum og einnig hjá fyrirtækjum.

Ræðir hann um kjarasamningsbundnar launahækkanir.

Lárus ræðir um slökkvistöðina á Laugarvatni en búið er að selja húsnæðið þar sem BÁ eru með aðstöðu og þarf því að leysa húsnæðismálið. Stjórn BÁ hefur lagt til að farið verði í byggingu á bílageymslu. Gera má

ráð fyrir að byggja þurfi um 300 fm² húsnæði. Bláskógabyggð hefur skipulagt lóð sem er í boði fyrir bílageymslu.

Til máls taka auk formanns Grétar Ingí Erlendsson, Árni Eiríksson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Daði Geir Samúelsson, Eyþór H. Ólafsson, Bragi Bjarnason, Jón Bjarnason og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir.

Rætt er um lántöku vegna byggingar bílageymslu fyrir Brunavarnir Árnessýslu á Laugarvatni.

Helgi Kjartansson, formaður leggur fram eftirfarandi tillögu að bókun:

Fyrir liggur að fá þarf nýtt húsnæði fyrir viðbragðstæki útkallseiningar Brunavarma Árnessýslu á Laugarvatni þar sem núverandi húsnæði er í söluferli. Bláskógabyggð hefur skipulagt lóð á hentugum stað fyrir slika starfsemi og stendur Brunavörnum Árnessýslu lóðin til boða. Stjórn Brunavarma Árnessýslu hefur lagt til að BÁ ráði til sín byggingarstjóra og standi sjálft að byggingu bílageymslu á sem hagstæðastan hátt. Gert er ráð fyrir að stærð bílageymslunnar þurfi að vera um það bil 300 fermetrar.

Vorfundur Héraðsnefndar Árnesinga, haldinn 28. apríl 2023, samþykkir að byggð verði bílageymsla fyrir slökkvibíla á Laugarvatni á lóð sem sveitarfélagið hefur skipulagt. Héraðsnefnd felur stjórn BÁ og slökkviliðsstjóra að útfæra verkið.

Að undangengnu verðmati fagaðila á byggingakostnaði bílageymslu fyrir útkallstæki Brunavarma Árnessýslu á Laugarvatni, sem áætlað sé að verði að hámarki 300.000 krónu á hvern fermetra, Heimilar Héraðsnefnd slökkviliðsstjóra Brunavarma Árnessýslu í samstarfi við stjórn stofnunarinnar að leita eftir lánalínu frá viðskiptabanka slökkviliðsins til þess að fjármagna fyrstu þætti í byggingu bílageymslunnar.

Frekari ákvörðun um fjármögnun framkvæmdanna verða tekna á haustfundi Héraðsnefndar Árnesinga 2023.

Tillagan er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Rætt er um lántöku vegna kaupa á dælubifreið fyrir Brunavarnir Árnessýslu.

Til máls taka auk formanns Eyþór H. Ólafsson, Grétar Ingí Erlendsson og Jón Bjarnason.

Helgi Kjartansson, formaður leggur fram eftirfarandi tillögu að bókun:

- Héraðsnefnd Árnesinga samþykkir hér með að taka lán í íslenskum krónum hjá Lánsjóði sveitarfélaga. Kaupverð bífreiðarinnar er í Evrum og er samkvæmt kaupsamningi sem undirritaður var þann 22.4.2022, 596.488 Eyrur. Miðað við gengi dagsins 27.4.2023 nemur sú upphæð 89.604.427 krónum. Upphæð lánsins í íslenskum krónum miðast við gengi krónu gagnvart Evru á þeim tíma sem lánið er tekið og þarf það að fullu að dekka kaupverð samkvæmt kaupsamningi í Evrum.
- Lánið verður í samræmi við skilmála láns (LSS39), til ársins 2039 eins og þeir verða á þeim tíma er lánið er tekið. Er lánið tekið til að fjármagna kaup slökkvibifreiðar til slökkvistarfa. Verkefnið fellur undir lánshæf verkefni, sbr. 3.gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánsjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.
- Jafnframt er Pétri Péturssyni, kt. 210873-5979, slökkviliðsstjóra, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Brunavarna Árnessýslu að undirrita lánnssamning við Lánsjóð sveitarfélaga og til að móttaka,

undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

- *Til tryggingar skilvisri og skaðlausri greiðslu láns þessa, ásamt vöxtum og kostnaði stendur einföld óskipt ábyrgð sveitarfélaganna í Árnessýslu, sbr. heimild í 2.mgr. 69 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og setur sveitarfélögini til tryggingar tekjur sínar sbr. 2. mgr. 68.gr. sömu laga.*

Tillagan er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

6. Byggðasafn Árnesinga

Lýður Pálsson, fer yfir ársreikning og svarar fyrirspurnum. Reikningurinn er lagður fram og staðfestur. Fundargerðir stjórnar lagðar fram til kynningar.

Lýður ræðir um aðsókn hafi aukist en yfir sex þúsund gestir heimsóttu safnið á síðasta ári, vonast þau eftir enn frekari aukningu á árinu. Ákveðið hefur verið að hafa aðgangseyrir þann sama og verið hefur. Áhugaverðar sýningar eru í gagni nú er sýningin "Drengurinn fjöllin og Húsið" en einnig er vorsýning safnsins um æsku Ásgríms Jónssonar listmálara í Flóanum. Í samvinnu við Listasafn Árnesinga og Listasafn Íslands hefur verið sett upp Ásgrímsleiðin þar sem farið er í rútu um sögustaði Ásgríms listmálara í héraði. Ræðir Lýður um aðfangabók Skúla Helgasonar sem fyrst er skráð í 1. júní 1953. Fer hann yfir mikilvægi þess að munum sé safnað en mikilvægt er að vera með stefnumótun um hvað skuli tekið inn á safnið. Fer hann yfir árskýrslu safnsins, sl. ár var mjög öflugt þó að upphafi verið skorður vegna Covid-19. Listahátförin Hafsjór var haldin og var mjög vel heppnuð ásamt fleiri sýningum. Stefnt er á að sækja um styrki sem víðast. Húsafríðunarsjóður hefur veitt safninu styrki til viðhald á Húsinu og Assistentahúsinu. Að lokum ræðir hann um viðhald og viðgerðir.

Til máls tóku auk formanns Eyþór H. Ólafsson og Grétar Ingi Erlendsson.

7. Héraðsskjalasafn Árnesinga

Þorsteinn Tryggvi Másson, fer yfir ársreikning og svarar fyrirspurnum. Reikningurinn er lagður fram og staðfestur. Fundargerð stjórnar lögð fram til kynningar.

Þorsteinn sagði að um 100 fyrirspurnir komi til safnsins á mánuði. Unnið er að móttöku á rafrænum skilum og hefur Skeiða- og Gnúpverjahreppur skilað inn tilkynningum um að taka upp rafræn skil, með því er hægt að spara umtalsverða fjármuni fyrir sveitarfélögini. Sveitarfélagið Árborg og Grímsnes- og Grafningshreppur eru einnig að taka upp þessa leið með hluta af verkefnum.

Ræðir hann um kostnað sveitarfélaganna við varðveislu gagna og hver kostnaðurinn yrði ef farið yrði í það að skila til þjóðskjalasafns. Hann segir það vera dýrt fyrir sveitarfélög að leggja niður héraðsskjalasöfn og að þekkingin sem þar er sé mikilvæg. En það þarf að gera eitthvað, huga þarf að byggðarsjónarmiðum og hvaða kostir eru að hafa héraðsskjalasöfnin í héraði. Safnið er fljótt að afgreiða gögn og starfsmenn þekkja safnkostinn vel. Það er mikil starfsreynsla á safninu í dag.

Þorsteinn mun senda kostnaðargreiningu á öll sveitarfélögini.

Til máls taka auk formanns Sandra Sigurðardóttir, Bragi Bjarnason, Grétar Ingi Erlendsson og Eyþór H. Ólafsson.

Formaður ræðir um húsnæðismál héraðsskjalasafnsins og framvindu frá auka fundinum í janúar sl.

Til máls taka auk formanns Kjartan Björnsson, Gestur Kristjánsson, Bragi Bjarnason, Fjóla St. Kristinsdóttir, Sigurjón Vídalín Guðmundsson, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Gréta Ingi Erlendsson, Árni Eiríksson, Jón Bjarnason, Ása Valdís Árnadóttir og Eyþór H. Ólafsson.

Helgi Kjartansson, formaður leggur fram eftirfarandi tillögu:

Vorfundur Héraðsnefndar haldinn á Hótel Vatnsholti 28. apríl 2023 samþykkir að halda aukafund í Héraðsnefnd til að fara yfir húsnæðismál Héraðsskjalasafnsins auk þess að afgreiða bókun Ölfuss frá 27. apríl sl. um útgöngu úr safninu. Fundurinn verður haldinn fyrir 20. maí.

Tillagan er borin undir atkvæði og samþykkt, fulltrúar Ölfuss sitja hjá.

Til máls taka auk formanns Jóhann Ýr Jóhannsdóttir, Jón Bjarnason, Eyþór H. Ólafsson og Sigurjón Vídalín Guðmundsson.

Jón Bjarnason leggur fram eftirfarandi tillögu að bókun héraðsnefndar:

Vorfundur Héraðsnefndar skorar á Sveitarfélagið Ölfus að taka húsnæðismálið á dagskrá bæjarstjórnar, endurskoða fyrri ákvörðun og halda áfram í samstarfinu um Héraðsskjalasafnið.

Tillagan er borin undir atkvæði samþykkt, fulltrúar Sveitarfélagsins Ölfuss sitja hjá.

8. Almannavarnir Árnesinga

Fjóla St. Kristinsdóttir, fer yfir ársreikning. Reikningurinn er lagður fram og staðfestur. Fundargerð almannavarnarnefndar og fundargerð framkvæmdaráðs lagðar fram til kynningar.

Formaður gefur orðið laust enginn tekur til máls.

9. Ársreikningur Héraðsnefndar 2022

Ingibjörg Garðarsdóttir fer yfir ársreikning. Reikningurinn er lagður fram og staðfestur.

Formaður gefur orðið laust enginn tekur til máls.

10. Málefni Alviðru

Á haustfundi Héraðsnefnd Árnesinga var samþykkt samhljóða að veita nýrri framkvæmdastjórn umboð til að ljúka samningaviðræðum og undirrita samning við Landvernd um makaskipti á jörðunum Alviðru í Ölfusi og Öndverðarnesi II í Grímsnes- og Grafningshreppi.

þann 18. apríl sl. var undirritaður makaskiptasamningur og afsöl vegna Alviðru og Öndverðarness II og eru samningur og afsöl lögð fram á fundinum til kynningar.

Einnig er lagt fram til kynningar erindi sem sent hefur verið til Umhverfis-, orku og loftslagsráðherra og Umhverfisstofnunar um beiðni um friðlýsingu á landi jarðarinnar Öndverðarnes II.

Til máls tók auk formanns Eyþór H. Ólafsson.

11. Stjórnskipulag Héraðsnefndar Árnesinga

Á haustfundí Héraðsnefndar Árnesinga var samþykkt að fela framkvæmdastjórn Héraðsnefndar að skoða betur þá valkostí sem kynntir voru á fundinum og koma með tillögu að stjórnþyrirkomulagi Héraðsnefndar sem verður lagt fyrir næsta vorfund.

Fulltrúaráð Héraðsnefndar samþykkir að fela framkvæmdastjórn Héraðsnefndar að vinna áfram að skoða þá valkostí sem kynntir hafa verið og ásamt því að veita heimild til að setja fjármagn í sérfræðiaðstoð við þá vinnu og koma með tillögu að stjórnþyrirkomulagi Héraðsnefndar fyrir næsta haustfund.

Fundarslit kl. 14:17.

Helgi Kjartansson, Bláskógabyggð
Kjartan Björnsson, Sveitarfélagið Árborg
Arna Ír Gunnarsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Gestur Þór Kristjánsson, Sveitarfélagið Ölfus
Sandra Sigurðardóttir, Hveragerði
Fjóla St. Kristinsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Sigurjón Vídalín Guðmundsson, Sveitarfélagið Árborg
Bragi Bjarnason, Sveitarfélagið Árborg
Brynhildur Jónsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Sveinn Ægir Birgisson, Sveitarfélagið Árborg
Helga Lind Pálsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Álfheiður Eymarsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Ellý Tómasdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Arnar Freyr Ólafsson, Sveitarfélagið Árborg
Ása Valdís Árnadóttir, Grímsnes- og Grafningshreppur
Jón Bjarnason, Hrunamannahreppur
Daði Geir Samúelsson, Hrunamannahreppur, áheyrnarfulltrúi.
Árni Eiríksson, Flóahreppur
Elín Höskuldsdóttir, Flóahreppur, áheyrnarfulltrúi
V. Baldur Guðmundsson, Sveitarfélagið Ölfus
Grétar Ingi Erlendsson, Sveitarfélagið Ölfus
Eyþór H. Ólafsson, Hveragerði

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Hveragerði
Sylvía Karen Heimisdóttir, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, áheyrnarfulltrúi.
Ingibjörg Garðarsdóttir, fjárhaldsmaður
Rósa Sif Jónsdóttir, ritari

Hulda Kristjánsdóttir

From: Oddviti Bláskógabyggðar <oddviti@blaskogabyggd.is>
Sent: þriðjudagur, 9. maí 2023 09:35
To: Rósa Sif Jónsdóttir; Guðrún S Magnúsdóttir; Árni Eiríksson; Smári B Kolbeinsson; jonbjarna@fludir.is; Friðrik Sigurbjörnsson; Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir; sandra@hveragerdi.is; haraldur@skeidgnup.is; Arna Ír Gunnarsdóttir; Arnar Freyr Ólafsson; Álfheiður Eymarsdóttir; Bragi Bjarnason; Brynhildur Jónsdóttir; Ellý Tómasdóttir - bæjarfulltrúi; Fjóla Steindóra Kristinsdóttir; Kjartan Björnsson; Sigurjón Vídalín Guðmundsson; Sveinn Ægir Birgisson - bæjarfulltrúi; Þórhildur Dröfn Ingvadóttir; Gestur Þór Kristjánsson; erlasif@olfus.is; vbaldur@olfus.is; Elín Höskuldsdóttir; Oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps; alexandra@fludir.is; Ingibjörg Garðarsdóttir; thorsteinn; Ásta Stefánsdóttir; Aldís Hafsteinsdóttir; Sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps; Hulda Kristjánsdóttir; Geir Sveinsson; Elliði Vignisson; Walter Kristjánsson; Elín Höskuldsdóttir
Cc: Héraðsnefnd - minnisblað
Subject: Hér_Árn_AF_2023_05_05_rekstur_og_húsnaðismál_skjalasafns_minnisblað.pdf
Attachments: Hér_Árn_AA_Starfsemi_og_hlutverk_héraðsskjalasafna_maí_2023.pdf

Sæl öll.

Hér sendi ég ykkur minnisblað sem unnið var í framhaldi af umræðum sem átti sér stað á Héraðsnefndarfundi sem haldinn var 28. apríl sl.

Hjálagt er einnig skýrsla um starfsemi og hlutverk héraðsskjalasafna.

Þið hafið samband ef eitthvað er óljóst eða einhverjar spurningar vakna.

Kveðja, Helgi

*Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar
Aratunga, 806 Selfoss
Sími: 480-3000 og 898-1552
Netfang: oddviti@blaskogabyggd.is
Veffang: www.blaskogabyggd.is*



Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, místök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 5. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjaraskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að tölvupósturinn hafi ranglega horist þér.

Héraðsskjalasafn Árnesinga

Austurvegur 2 | 800 Selfoss | s. 482 1259 | kt. 630189 2849

Héraðsnefnd Árnesinga bs.

Selfossi 5. maí 2023

Minnisblað: Rekstur og húsnæðismál Héraðsskjalasafns Árnesinga

Eftir umræður á vorfundi Héraðsnefndar Árnesinga bs. þann 28. apríl 2023 var óskað eftir frekari upplýsingum tengdum rekstrarkostnaði héraðsskjalasafnsins. Á vef Stjórnarráðsins er tæmandi listi yfir verkefni sem sveitarfélögunum eru falin að lögum. Hluti verkefnanna eru lögskyld á meðan að önnur eru lögheimil. Varðveisla skjala er lögskylt verkefni skv. lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014. Sveitarfélögin geta valið að sinna þessu verkefni með því að eiga og reka eigið héraðsskjalasafn og þannig tryggt samfellu í rekstri allra sinna stofnana, eða með því að afhenda skjöl til þriðja aðila, ríkisins og greiða þá sérstaklega fyrir þá þjónustu samkvæmt gjaldskrá. Í löndunum í kringum okkur hafa sveitarfélög valið að gera þetta sjálf af þeirri einföldu ástæðu að það tryggar betri þjónustu og lægri rekstrarkostnað.

46 sveitarfélög sinna þessu verkefni sjálf eða 72% allra sveitarfélaga. Þannig tryggja þau og standa vörð um sjálfsvörðunarrétt sinn og um almannagæði innan héraðs. Þessi sveitarfélög geta með einföldum hætti stýrt fjármagni sem fer í rekstur héraðsskjalasafnanna og þau nýta sérþekkingu starfsfólks safnanna. Boðleiðir eru styttri, starfsfólk skjalasafnanna er í reglubundnum og beinum samskiptum við starfsfólk sveitarfélaga og þannig styður rekstur skjalasafnanna við rekstur sviða og deilda stofnana sveitarfélaga.

Tilgangur þessa minnisblaðs er að draga fram nokkrar staðreyndir um kostnað og rekstur skjalavörslu og þá varpa ljósi á hvort það sé fjárhagslega hagkvæmara fyrir sveitarfélögin að eiga og reka eigin héraðsskjalasöfn.

1. Varðveisla pappírskjala – þessar tölur eru ekki einskiptis kostnaður, þetta er kostnaður per. ár. Þjóðskjalasafn Íslands

Varðveisla pappírskjala pr. hillumetra á ári	Kr.	6.000
--	-----	-------

Á héraðsskjalasafninu eru um 1.500 hillumetrar af pappírskjólum.

Varsla á pappírskjólum kostar þá $1.500 \times 6.000 = 9.000.000$ á ári

Héraðsskjalasafn Árnesinga

Varðveisla pappírskjala pr. hillumetra á ári	Kr.	1.500
--	-----	-------

Húsnæðiskostnaður, rafmagn, hiti, fasteignagjöld (Ráðhús Árborgar og Háheiði 9) er samtals um 3.150.000. Tæplega 1/3 húsnæðisins er ekki notaður sem vörlurými.

Húsnæði sem ekki er vörlurými kostar 900.000.

Eftir stendur húsnæðiskostnaður sem er $2.250.000 / 1.500 = 1.500$.

Kostnaður við vörlu pappírskjala hjá Héraðsskjalasafni Árnesinga er því að kosta um ¼ af því gjaldi sem Þjóðskjalasafn Íslands tekur fyrir þessa þjónustu.

Héraðsskjalasafn		Þjóðskjalasafn	
Varðveisla pappírskjala	2.250.000	Varðveisla pappírskjala	9.000.000

Héraðsskjalasafn Árnesinga

Austurvegur 2 | 800 Selfoss | s. 482 1259 | kt. 630189 2849

Ábending – skv. rýmisáætlun sem gerð var og áætlunum um magn pappírskjala sem enn á eftir að afhenda má ætla að endanlegt magn pappírskjala verði nær 3.000 metrum. Kostnaður vegna vörlu hjá Þjóðskjalasafni gæti því hækkað og numið um 18.000.000 á ári. Tvöföldun á kostnaði vegna vörlu á pappírskjólum á Héraðsskjalasafni Árnesinga væru tæpar 5.000.000 á ári.

2. Varðveisla rafrænna gagna – þessar tölur eru ekki einskiptis kostnaður, þetta er kostnaður per. ár. Kostnaður per. Gb ræðst að hluta til af eðli þeirra gagna sem um ræðir. Hversu oft þarf að nota gögnin o.s.frv.

Þjóðskjalasafn Íslands

Varðveisla rafrænna gagna pr. Gb á ári	Kr.	1.200
--	-----	-------

Dæmi: Á heraðsskjalasafninu eru um 10 Tb af rafrænum gögnum. 1 Tb eru 1.024 Gb. Kostnaður við 1 Tb eru 1.228.800 á ári.

Varsla á rafrænum gögnum kostar þá $1.200 \times 10\text{Tb} = 12.288.000$ á ári

Héraðsskjalasafn Árnesinga

Varðveisla rafrænna gagna pr. Gb á ári	Kr.	150
--	-----	-----

Dæmi: Á heraðsskjalasafninu eru um 10 Tb af rafrænum gögnum. 1 Tb eru 1.024 Gb. Kostnaður við 1 Tb eru 153.600 á ári.

Varsla á rafrænum gögnum kostar þá $150 \times 10\text{Tb} = 1.536.000$ á ári

Kostnaður við vörlu á rafrænum gögnum er um 13% af þeim kostnaði sem Þjóðskjalasafn Íslands tekur fyrir þessa þjónustu.

Héraðsskjalasafn		Þjóðskjalasafn	
Varðveisla 10 Gb á ári	1.536.000	Varðveisla 10 Gb á ári	12.288.000

Ábending – þær tölur sem settar eru fram hér fyrir ofan nái ekki til rafrænna gagna sem enn eru í vörlu sveitarfélaga. Héraðsskjalasafninu hafa borist tilkynningar og ljóst að nokkur sveitarfélög munu á næstu árum afhenda rafræn gagnasöfn. Í því ljósi má gera ráð fyrir því að rekstur heraðsskjalasafns sé í raun enn hagstæðari fyrir sveitarfélögum.

3. Skráning pappírskjala

Skráning pappírskjala er hluti af daglegum verkefnum á öllum opinberum skjalasöfnum. Bæði er verið að frumskrá skjöl og skrá skjöl betur til að tryggja leitarbærni þeirra. Þessi vinna er unnin í samræmi við alþjóðlega staðla. Þetta gjald er fyrir móttöku, frágang, skráningu og flutning skjala. Starfsfólk heraðsskjalasafnsins hefur sótt eða tekið við skjólum frá sveitarfélögum og stofnunum þeirra og létt á geymslum og húsnæði sveitarfélaganna. Samstarf starfsfólks sveitarfélaga og heraðsskjalasafnsins þýðir að betur gengur að skrá og ganga frá þessum skjólum en hefðbundin tímaðmið segja til um.

Héraðsskjalasafn Árnesinga

Austurvegur 2 | 800 Selfoss | s. 482 1259 | kt. 630189 2849

Þjóðskjalasafn Íslands

Skráning á pappírsskjalasafni – kostnaður per. klst.	Kr.	8.100
--	-----	-------

Héraðsskjalasafn Árnesinga

Skráning á pappírsskjalasafni – kostnaður per. klst.	Kr.	8.000
--	-----	-------

4. Setning gjaldskrár og hækkun gjaldliða

Núgildandi gjaldskrá Þjóðskjalasafns er ófullnægjandi. Það hefur m.a. komið fram í máli Þjóðskjalavarðar og aðstoðarþjóðskjalavarðar. Á fundi 27. apríl 2023 í Þjóðarbókhloðu kom fram að gæta þarf jafnrædis í gjaldtöku og að endurskoðuð gjaldskrá þurfi að taka mið af raunkostnaði. Gjaldliðum mun fjölgja í samræmi við þá þjónustu sem opinber skjalasöfn inna af hendi. Þjóðskjalavörður og aðstoðarþjóðskjalavörður hafa boðað hækkun gjaldskrár.

Tekið verður gjald fyrir vörslu á pappírsskjölum, vörslu á rafrænum gögnum, skráningu og móttöku pappírsskjalasafna, umsjón og þjónustu s.s. leit og afgreiðslu, fjölföldun og aðra umsýslu gagna, stafræna miðlun og afritun gagna, eftirlit, ráðgjöf og tæknijónustu við sveitarfélög. Markmið nýrrar gjaldskrár er að tryggja jafnræði á milli opinberra aðila og að þeir greiði fyrir alla þá þjónustu sem þeir fá. Þessi gjaldskrá er ekki til.

Menningar- og viðskiptaráðherra mun skipa starfshóp um framtíðarfyrirkomulag skjalasafna og mótnun stefnu um rafræna langtímaþörlu skjala. Setning nýrrar gjaldskrár er væntanlega eitt af verkefnum hópsins sem á að skila af sér vinnu sinni eigi síðar en 10. september 2023.

5. Þjónusta – sérfræðiþekking, ráðgjöf, eftirlit o.fl.

Á Héraðsskjalasafni Árnesinga eru 3,5 stöðugildi. Hver starfsmaður skilar að jafnaði 170 vinnustundum á mánuði. Samanlagður launakostnaður árið 2022 skv. ársreikningi var um 40.400.000. Inni í þeiri tölu eru einnig laun stjórnar.

Starfsfólk sinnir um 1.300 fyrirspurnum og erindum á ári, ráðgjöf vegna skjalavörslu og skjalalahalds í stofnunum sveitarfélaga, útbýr málalykla, skjalavistunaráætlunar, kemur að gerð verkferla, stýrir og aðstoðar við innleiðingu á rafrænni skjalavörslu, persónuvernd, miðlun á opinberum skjölum, gerð öryggisafrita, veitir sveitarfélögum og íbúum aðgengi að skjölum og hverskyns upplýsingum, kemur að margvíslegum menningarviðburðum og svo má lengi telja.

Það þarf minnst 3,5 stöðugildi til að sinna þessari þjónustu. Ef þessi vinna væri keypt af Þjóðskjalasafni og miðað við 8.100 á vinnustund sbr. gjaldskrá um móttöku og skráningu á pappírsskjölum. Þ.e. her er ekki verið að horfa til frekari sérfræðiþekkingar eða gjalds vegna tæknimála eða ráðgjafaþjónustu gæti sviðsmyndin verið þessi:

Héraðsskjalasafn Árnesinga

Austurvegur 2 | 800 Selfoss | s. 482 1259 | kt. 630189 2849

Þjóðskjalasafn Íslands

Skráning á pappírsskjalasafni – kostnaður per. klst.	Kr.	8.100
--	-----	-------

Dæmi: Aðkeypt vinna per. mánuð 8100 x 170 = 1.377.000

Starfsmaður er þá að kosta 12 x 1.377.000 eða kr. 16.524.000 á ári.

3,5 stöðugildi kosta þá 3,5 x 16.52400 = 57.834.000 á ári

Ummæli þjóðskjalavarðar og aðstoðarþjóðskjalavarðar benda til þess að gjaldskrá muni hækka og þá má ætla að þessi launakostnaður verði hærri. Hver hækkun gjaldskrár verður er óljóst. Tímagjald sérfræðinga á sviði tölvumála/rafrænnar skjalavörslu o.s.frv. þarf því að skoða og bera saman við fyrirtæki á markaði.

6. Samantekt

Hér fyrir neðan er dregnar saman ákveðnar kostnaðartölur og þær bornar saman. Þessar tölur taka mið af stöðu mála núna, þ.e. gildandi gjaldskrá og magn pappírsskjala og rafrænna gagna á Héraðsskjalasafni Árnesinga. Í ljósi þess að gjaldskrá liggur ekki fyrir og ummæla stjórnenda Þjóðskjalasafns verður að ætla að kostnaður við þjónustukaup af Þjóðskjalasafni verði hærri en hér kemur fram. Í viðtali við Þjóðskjalavörð í Morgunblaðinu 5. maí 2023 kemur fram að lokun Borgarskjalasafns og Héraðsskjalasafns Kópavogs hafi ekki sparnað í för með sér heldur tilfærslu á kostnaði.

Samanburðartölur hér fyrir neðan taka í raun mið af vörlu á pappírskjölum og rafrænum skjölum auk vinnu starfsfólks vegna verkefna sem það sinnir fyrir sveitarfélögini Árnessýslu og íbúa héraðsins.


Héraðsskjalasafn		Þjóðskjalasafn	
Varðveisla pappírsskjala	2.250.000	Varðveisla pappírsskjala	9.000.000
Varðveisla 10 Gb á ári	1.536.000	Varðveisla 10 Gb á ári	12.288.000
Starfsfólk	40.000.000	Starfsfólk	57.834.000
Samtals:	43.786.000		79.122.000

Í báðum tilvikum er um að ræða kostnað sem sveitarfélögini þurfa að greiða árlega.

Ef tekið er mið af ársreikningi 2022 var framlag Héraðsnefndar var 35.000.000, aðrar tekjur eru um 20.000.000 og rekstrartekjur um 55.000.000. Launakostnaður var um 40.400 og rekstur og afskriftir um 9.500.000 og rekstrargjöld því um 49.900.000.

Hér fyrir ofan er ekki tekið tillit til kaupa og reksturs á skrifstofu- og tölvubúnaði, umbúðum og öðru sem er hluti kjarnastarfsemi héraðsskjalasafnsins.

Þær tölur sem settar eru fram taka aðeins til ársins 2022 og nágildandi gjaldskrár Þjóðskjalasafns. Ljóst er að þau viðmið munu breytast vegna vinnu við nýja gjaldskrá. Að framansögðu er ljóst að mun hagkvæmara er fyrir sveitarfélögini í Árnessýslu að eiga og reka eigið héraðsskjalasafn en að senda skjöl sín til Reykjavíkur og greiða fyrir þá þjónustu þar í stað þess að gera það í heimabyggð.



Héraðsskjalasafn Árnesinga

Austurvegur 2 | 800 Selfoss | s. 482 1259 | kt. 630189 2849

Hvað varðar langtímovörslu rafrænna skjala sveitarfélaga þá hefur héraðsskjalasafnið þegar fjárfest í nauðsynlegum búnaði til móttöku og vörslu á rafrænum gagnasöfnum. Kostnaður vegna þeirrar innviðauppbýggingar hefur verið stórlægum ýktur. Það sést best í ljósi þess að héraðsskjalasafnið er þegar í stakk búið til að taka við tilkynningum á rafrænum gagnakerfum, taka við afhendingarútgáfum, vörsluútgáfum, veita aðgang að rafrænum gagnasöfnum og tryggja langtímovörslu þessar gagna.

Þorsteinn Tryggvi Másson

Héraðsskjalavörður



Héraðsnefnd Árnesinga bs.

30. Fundur – aukafundur haldinn á Teams 24. maí 2023

Fundarsetning

Helgi Kjartansson, formaður Héraðsnefndar Árnesinga bs., setur fundinn og býður fulltrúa velkomna á aukafund. Einnig leggur hann til að formaður verði fundarstjóri og Rósa Sif Jónsdóttir, verði fundarritari, er það samþykkt samhljóða. Síðan er gengið til dagskrár.

Málefni Héraðsskjalasafns Árnesinga

Á vorfundí Héraðsnefndar sem haldinn var 28. apríl 2023 á Hótel Vatnsholti var samþykkt að halda aukafund í Héraðsnefnd til að fara yfir húsnæðismál Héraðsskjalasafnsins auk þess að afgreiða bókun Ölfuss frá 27. apríl sl. um útgöngu úr safninu.

Formaður fór yfir bókun bæjarstjórnar Ölfus frá 27. apríl sl. á þeim fundi samþykkti bæjarstjórn að ganga úr rekstri héraðsskjalasafnsins. Það var svo á fundi bæjarstjórnar Ölfus 11. maí sl. að bæjarstjórn samþykkir að draga til baka ákvörðun um úrsögn úr Héraðsskjalasafninu en úrsögnin háð því að áform um kaup og endurgerð nýs húsnæðis verði frestað þar til fyrir liggur niðurstaða hvað varðar heildarstarfsemi Héraðsnefndar.

Á aukafundi Héraðsnefndar sem haldinn var 10. janúar 2023 var samþykkt að kaupa húsnæðið að Hellismýri 8 á Selfossi undir starfsemi Héraðsskjalasafnsins. Sveitarstjórnir sjö sveitarfélaga hafa samþykkt að kaupa og ganga í ábyrgð fyrir kaupunum en bæjarstjórn Ölfus hefur hafnað að kaupa og gangast í ábyrgðir fyrir kaupunum. Fram kemur í 10. grein stofnsamþykktar Héraðsnefndar að samþykki allra sveitarfélaga þurfi til að ákvarðanir byggðasamlagsins um fjárfestingar öðlist gildi. Héraðsnefnd Árnesinga bs. getur því ekki keypt húsnæðið að Hellismýri 8 undir starfsemi Héraðsskjalasafn Árnesinga.

Fundarstjóri gefur orðið laust til máls taka auk formanns Bragi Bjarnason, Árni Erlingsson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Smári Bergmann Kolbeinsson, Kjartan Björnsson og Grétar Ingi Erlendsson.

Formaður leggur fram eftirfarandi tillögu að bókun:

Aukafundur Héraðsnefndar haldinn 24. maí 2023 samþykkir í ljósi þess að ekki liggur fyrir samþykki Ölfus um kaup á Hellismýri 8 að kanna hvort grundvöllur sé fyrir því að leigja húsnæðið að Hellismýri 8 undir starfsemi Héraðsskjalasafnsins. Formanni framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar er falið að taka saman gögn um málið sem munu fylgja fundargerð þessa fundar. Sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaga Héraðsnefndar bs. eru beðnar um að taka málið fyrir eins fljótt og mögulegt er og taka afstöðu um þá leið að leigja húsnæðið að Hellismýri 8 með þeim breytingum sem yrðu á fjárhagsáætlun Héraðsskjalasafnsins fengist húsnæðið leigt.

Til málს taka auk formanns Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Kjartan Björnsson, Bragi Bjarnason, Arna Ír Gunnarsdóttir, Árni Eiríksson, Smári Bergmann Kolbeinsson, Jón Bjarnason, Sigurjón Vídalín Guðmundsson og Haraldur Þór Jónsson.

Tillaga að bókun er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Fundarslit kl. 8:55.

Helgi Kjartansson, Bláskógabyggð
Kjartan Björnsson, Sveitarfélagið Árborg
Arna Ír Gunnarsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Sandra Sigurðardóttir, Hveragerði
Ari Björn Thorarensen, Sveitarfélagið Árborg
Sigurjón Vídalín Guðmundsson, Sveitarfélagið Árborg
Bragi Bjarnason, Sveitarfélagið Árborg
Brynhildur Jónsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Sveinn Ægir Birgisson, Sveitarfélagið Árborg
Helga Lind Pálsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Álfheiður Eymarsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Arnar Freyr Ólafsson, Sveitarfélagið Árborg
Smári Bergmann Kolbeinsson, Grímsnes- og Grafningshreppur
Jón Bjarnason, Hrunamannahreppur
Daði Geir Samúelsson, Hrunamannahreppur, áheyrnarfulltrúi.
Árni Eiríksson, Flóahreppur
Guðrún S. Magnúsdóttir, Bláskógabyggð
Elín Höskuldsdóttir, Flóahreppur, áheyrnarfulltrúi
Hrönn Guðmundsdóttir, Sveitarfélagið Ölfus
Grétar Ingi Erlendsson, Sveitarfélagið Ölfus
Erla Sif Markúsdóttir, Sveitafélagið Ölfun
Eyþór H. Ólafsson, Hveragerði
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Hveragerði
Haraldur Þór Jónsson, Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Geir Sveinsson, bæjarstjóri Hveragerði
Rósa Sif Jónsdóttir, ritari

**FUNDARGERÐ**

SKJALALYKILL	VERKHEITI	
7852-002-FUN-025-V01	Svæðisskipulag Suðurhálendis 2022 - 2042	
DAGS. / TÍMI FUNDAR	VERKKAUPI	
05.05.2023	SASS	
NR. FUNDAR	FUNDAREFNI	
25	Yfirferð yfir tillögu að svæðisskipulagi ásamt fylgiritum, umhverfismatsskýrslu og landslagsgreiningu	
FUNDARGERÐ	FUNDARBOÐARI	FUNDARSTAÐUR
05.05.2023 HB/BG	SASS	Fjarfundur
FUNDARMENN	FYRIRTÆKI	
Árni Eiríksson Nanna Jónsdóttir, Helgi Kjartansson, Guðrún S. Magnúsdóttir Gerður Stefánsdóttir Björn Kristinn Pálmarsson Halldóra Hjörleifsdóttir, Jón Bjarnason, Herbert Hauksson Elín Heiða Valsdóttir, Jóhannes Gissurarson Anton Kári Halldórsson, Bjarki Oddson Einar Freyr Elínarson	Flóahreppur Ásahreppur Bláskógarbyggð Skeiða- og Gnúpverjahreppi Grímsnes- og Grafningshr. Hrunamannahreppur Skaftárreppur Rangárþing eystra Mýrdalshreppur	
Gísli Gíslason, Sigmar Metúsalemsson, Hrafnhildur Brynjólfssdóttir Bjarni Guðmundsson	Verkfræðistofan EFLA SASS	
Dreifing	Fyrirtæki	
Bjarni Guðmundsson Fundarskjöl	SASS Næsti fundur	
Tillaga að svæðisskipulagi Suðurhálendis með fylgiritum; umhverfismatsskýrslu og skýrslu um landslagsgreiningu.	Ekki dagsettur	

Dagskrá og efni fundar

Engar athugasemdir hafa borist við fundargerð 24. fundar og telst hún samþykkt.

1. Tillaga að svæðisskipulagi

Fyrir fundinum lágu eftirtalin gögn:

- Svæðisskipulag Suðurhálendis 2022-2042, greinargerð. Tillaga til auglýsingar dags 05.05.2023
- Fylgirit svæðisskipulagsins:
 - Svæðisskipulag Suðurhálendis 2022-2042. Forsendur og umhverfismatsskýrsla. Tillaga í auglýsingu, dags. 05.05.2023.
 - Svæðisskipulag Suðurhálendis 2022-2042. Landslagsgreining og mat á verndargildi, dags 05.05.2023

Tillagan og fylgigögn hafa verið kynnt fyrir almenningi og hagaðilum og send til umsagnaraðila. Svæðisskipulagsnefnd hefur yfirfarið umsagnir sbr. fundargerð 24. fundar. Fyrir yfirstandandi fundi liggar uppfærð tillaga með fylgigönum að lokinni kynningu og lagfæringum í samræmi við samantekt umsagna og tillögur um viðbrögð við þeim sbr. fundargerð 24. fundar.

Svæðisskipulagsnefnd leggur til, með tilvísan í 3. mgr. 23. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 og 15. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, að sveitarstjórnir Skaftárhrepps, Mýrdalshrepps, Rangárþings eystra, Rangárþings ytra, Ásahrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Hrunamannahrepps, Bláskógbabyggðar, Grímsnes- og Grafningshrepps, Flóahrepps og Árborgar samþykki svæðiskipulagstillöguna með þeim lagfæringum sem gerðar hafa verið í kjölfar kynningar hennar.

Í kjölfar samþykktar sveitarstjórna verður svæðisskipulagstillaga ásamt umhverfisskýrslu send Skipulagsstofnun til athugunar, sbr. framangreindar lagagreinar. Ef ekki berast athugasemdir frá Skipulagsstofnun, innan fjögurra víkna frá því að tillagan barst stofnuninni, verði tillagan og umhverfisskýrslan auglýst skv. 24. gr. skipulagsлага og 15. gr. laga um umhverfismat áætlana.

Svæðisskipulagsnefnd þakkar sendendum kærlega fyrir ábendingar sem borist hafa á meðan tillaga að gerð svæðisskipulags fyrir Suðurhálendið hefur verið til kynningar.

Gert er ráð fyrir að tillagan verði auglýst að lokinni athugun Skipulagsstofnunar.

Fundargerð nr. 205

205. fundur stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga haldinn á Teams, 5.5.2023 kl. 13:15.

Mætt: Kjartan Björnsson, Erla Sif Markúsdóttir, Sveinn Ingi Sveinbjörnsson, Helga Sighvatsdóttir og Jóhann I. Stefánsson.

1. **Skólagjöld 2023-2024** Áður á dagskrá stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga nr. 204,
29.3.2023.

Farið yfir útreikning skólagjalda og prósentuhækkanir, ásamt verðbóluspá. Eftir umræðu stjórnar var ákveðin 10% hækkun skólagjalda.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 13:30/ SIS

*Kjartan Björnsson,
Erla Sif Markúsdóttir,
Sveinn Ingi Sveinbjörnsson,
Helga Sighvatsdóttir,
Jóhann I. Stefánsson*

Fundargerð nr. 206

206. fundur stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga haldinn á Teams, 9.5.2023 kl. 10:15.

Mætt: Kjartan Björnsson, Erla Sif Markúsdóttir, Sveinn Ingi Sveinbjörnsson, Helga Sighvatsdóttir og Jóhann I. Stefánsson.

1. Menntaverðlaun Suðurlands 2022

Tónlistarskóli Árnesinga fékk menntaverðlaun Suðurlands. Rætt um verðlaunin, viðburðinn og hversu mikill heiður það er að fá þau. Stjórn skólans þakkar fyrir viðurkenninguna og óskar kennurum, nemendum og starfsfólki skólans til hamingju með verðlaunin. Við erum hreykin af starfi skólans.

2. Kórlög Sigfúsar Ólafssonar – bréf til skólans

Farið var yfir bréf sem barst skólanum varðandi minningartónleika til heiðurs Sigfúsi Ólafssyni.

Næsta veturnar gætu sögnemendur sett saman dagskrá og hafið undirbúning næsta haust.

Stjórn tónlistarskólans og stjórnendur taka vel í erindið og þetta verður skoðað á komandi vetri.

3. Samningur við Attentus v. Jafnlaunastaðfestingar

Farið var yfir niðurstöður úttektarinnar sem eru mjög ánaðgjulegar.

Launamunur er 0,9% konum í hag sem er vel innan innan marka. Mjög þéttur rammi er utan um launasetninguna sem skilar sér vel í jafnlaunavottuninni.

Stjórn tónlistarskólans fagnar niðurstöðunni.

4. Skóladagatal

Drög að skóladagatali næsta skólaárs lagt fyrir. Dagatalið er unnið með dagatöl grunnskólanna til viðmiðunar. Breytingar eru gerðar á tímasetningum smiðja og frídaga en horft er til að þess að tilfærslan sé til bóta. Annars er dagatalið mjög hefðbundið.

5. Húsnæðismál

Kennt er inni í flestum grunnskólum. Almennt ágætis aðstaða en þrengir að á nokkrum stöðum. Rýmin eru mikilvæg og þurfa að vera viðunandi.

- Selfoss, Eyravegi 15 – hljóðeinangrun milli herbergja.
- Hveragerði – vontun á húsnæði.
- Ölfus – hljóðvist í stofu 1.

Stjórn skólans þakkar þeim sveitarfélögum sem hafa aðstöðuna góða en hvetur hin til lagfæringar til þess að starfsemi skólans geti farið fram með eðlilegum hætti.

6. Skólaheimsóknir

Rætt um skólaheimsóknir. Stefnt er á að fara í uppsveitirnar í haust.

7. Nemendakerfi

Nýir eigendur eru að nemendakerfinu og verið er að aðlaga bæði kerfið að skólanum og skólann að kerfinu. Starfsfólk hefur setið námskeið í veturn. Kerfið er gott og nýtist vel í starfi.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 11:10 / ESM

*Kjartan Björnsson,
Erla Sif Markúsdóttir,
Sveinn Ingi Sveinbjörnsson,
Helga Sighvatsdóttir,
Jóhann I. Stefánsson*



595. fundur stjórnar SASS

Austurvegi 56 Selfossi

5. maí 2023, kl. 12:30 – 15:16

Þáttakendur: Ásgerður Kristín Gylfadóttir formaður, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Árni Eiríksson, Arnar Freyr Ólafsson, Einar Freyr Elínarson og Brynhildur Jónsdóttir. Njáll Ragnarsson og Grétar Ingi Erlendsson boðuðu forföll og í þeirra stað taka þátt Jóna Sigríður Guðmundsdóttir og Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir. Jóna Sigríður og Arnar Freyr tengjast fundinum í gegnum fjarfundabúnað. Einnig taka þátt Þórður Freyr Sigurðsson sviðsstjóri þróunarsviðs SASS og Bjarni Guðmundsson framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritar fundargerð.

Formaður býður fundarmenn velkomna.

1. Fundargerð

Fundargerð 594. fundar staðfest og undirrituð.

2. Ársreikningur SASS 2022

Framkvæmdastjóri kynnir drög að ársreikningi SASS fyrir árið 2022. Rekstrarafkoma samtakanna af reglulegri starfsemi er neikvæð um 6,6 m.kr. til samanburðar við neikvæða afkomu af reglulegri starfsemi að fjárhæð riflega 40 m.kr. á árinu 2021. Mestu munar um gjaldfærslu vegna lífeyrisskuldbindinga samtakanna sem var riflega 21 m.kr. á rekstrarárinu en hún var 54 m.kr. árið 2021. Samkvæmt efnahagsreikningi er bókfært eigið fé neikvætt um tæplega 45,5 m.kr. í lok ársins.

Ársreikningur staðfestur af stjórn og framkvæmdastjóra en hann verður formlega frágenginn með rafrænum undirritunum um miðjan maí.

3. Staða verkefna

Sviðsstjóri þróunarsviðs kynnir heildaryfirlit yfir stöðu verkefna sem samtökin og aðrir á þeirra vegum eru að vinna að. Samtals kynnir hann stöðu 23 verkefna en þar á meðal eru 19 ný og eldri áhersluverkefni Sóknaráætlunar Suðurlands og fjögur önnur verkefni sem tengjast byggðaáætlun og erlendu samstarfsverkefni.

4. Byggðarþróunarfulltrúi

Framkvæmdastjóri kynnir minnisblað tengt áherslubreytingum við gerð nýrra samstarfssamninga tengt byggðarþróunarfulltrúum en gert er ráð fyrir einum fulltrúa í mismiklu starfshlutfalli, á sjö skilgreindum atvinnuvinnusóknarsvæðum á Suðurlandi. Hann kynnir einnig fjárhag verkefnisins og hver staðan sé í samningaviðræðum við samstarfsaðila.



Samhliða breytingunni er lagt til að ráða verkefnisstjóra í starf hjá samtökunum. Fyrirhuguð verkefnavinna er talin það fjölbreytt og viðvarandi að ekki er séð að það verði hagkvæmt eða skilvirkt að gera það með öðrum hætti. Verkefnin eru einnig flest þess eðlis að þau eru almenn. Þeim er ætlað að styðja við starf samtakanna í landshlutanum um að efla kynningarstarf, upplýsingamiðlun, styðja við hlutverk byggðaþróunarfulltrúa, efla frekari verkefnaþróun og viðhaldið góðum árangri í að sækja styrki í sértæk verkefni.

Stjórн felur framkvæmdastjóra útfærslu sem taki mið af fjárhagslegu svigrúmi skv. fjárhagsáætlun 2023 og umræðum á fundinum.

5. Ársþing SASS 2023

Formaður kallar eftir hugmyndum að yfirskrift eða þema fyrir komandi ársþing. Fram kom hugmynd um að áhugavert geti verið að skoða gerð svæðisskipulags fyrir Suðurland eða að farið verði í gerð heildstæðrar landnýtingaráætlunar í landshlutanum. Þema ársþingsins verður rætt nánar á vinnufundi stjórnar 17. – 18. ágúst nk.

Formaður kynnir hugmyndir um vinnu og verklag milliþinganefnda fyrir ársþing. Gert er ráð fyrir að senda nefndunum erindisbréf með umræðupunktum og leiðbeiningum um verklag fyrir sumarleyfi. Í byrjun október skili nefndir niðurstöðum sem hægt verður að senda á þingfulltrúa með öðrum fundargögnum. Lögð er áhersla á að nefndir forgangsraði verkefnum, að tillögurnar séu skýrar og ef stofna eigi til útgjál达 hjá samtökunum fylgi tillaga um hvernig fjármagna eigi verkefnið. Varðandi ályktanir þá eiga þær að vera skýrar og markmiðið er að þær séu tilbúnar til afgreiðslu á ársþinginu.

Formaður fjallar sérstaklega um starf samgöngunefndar en fyrir fundinum liggar erindisbréf nefndarinnar um að uppfæra samgönguáætlun SASS 2023 – 2032.

Stjórн samþykkir að nefndir séu skipaðar sömu formönnum og leiddu vinnu þeirra 2022 en þeir koma úr stjórн samtakanna. Að 3-5 manna hópur leiði vinnu hverrar nefndar en fulltrúar í milliþinganefndum geti fylgst með framvindunni og komið með ábendingar. Milliþinganefndir verða svo kallaðar saman í september nk. en þær verða skipaðar þingfulltrúum með slembiúrtaki. Komi fram sérstök ósk getur þingfulltrúi óskað eftir að verða fluttur í aðra nefnd.

6. Önnur mál til kynningar og umræðu

a. Fundargerðir m.a. stjórna annarra landshlutasamtaka

Lagðar fram til kynningar; fundargerðir 554. – 556. funda stjórnar SSH, fundargerðir 8. – 9. funda stjórnar SSA, fundargerðir 134. – 137. funda stjórnar Austurbrúar, fundargerðir 93. – 94. funda stjórnar SSNV, aðalfundargerð SSV 2023, fundargerðir 50. - 51. funda stjórnar SSNE, fundargerð 88. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins og fundargerðir 921. – 924. funda stjórnar sambandsins.



b. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri kynnir helstu verkefni og hvað fram undan er en meðal atriða má nefna: Gerð samstarfssamninga um byggðaþróun og atvinnuráðgjöf. Rafræn úthlutunarhátið Uppbyggingarsjóðs Suðurlands. Samráðsfundur sambandsins og landshlutasamtaka en þar var farið yfir fjármál sveitarfélaga, stafrænt ráð sambandsins, fjallskil og förgun dýrahraðeja. Námskeið tvö hjá sveitarfélagaskóla sambandsins á Suðurlandi. Loftslagstefna sveitarfélaganna. Fundarröð forsætisráðherra um sjálfbæra þróun á Íslandi en tveir fundir voru haldnir á Suðurlandi. Fundarröð um orkuskipti og samtal um nýtingu vindorku sem umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hefur haldið en einn fundur var á Suðurlandi. SASS og önnur landshlutasamtök hafa gengið frá samningi við Íslandsstofu um samstarf vegna fjárfestingaverkefna.

Málefni í innra starfi SASS er fært í trúnaðarbók.

c. Katla jarðvangu

Formaður kynnir erindi frá framkvæmdastjórn Global Geoparks Network (GGN) en samtökin hafa áhyggjur af þróun mála varðandi fjármögnun Kötlu jarðvangs en rekstur jarðvangsins hefur hingað til verið fjármagnaður af ríki og sveitarfélögum.

UNESCO vottun á Kötlu jarðgarði má rekja til alþjóðlegrar viðurkenningar á framúrskarandi jarðfræðilegri arfleifð svæðisins og sem styður við landsvæðisþróun þess.

Framkvæmdastjórn GGN og aðrir UNESCO jarðavangar lýsa yfir stuðningi við áframhaldandi rekstur Kötlu jarðvangs og vona að fljótt verði fundin lausn til að hægt verði að halda áfram rekstri hans og því árangursríka starfi sem staðið hefur síðan 2011.

Stjórn SASS tekur undir áhyggjur samtakanna Global Geoparks Network og hvetur umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra til að finna leið til að fjármagna rekstur jarðvangsins enda gegnir hann mikilvægu hlutverki og heldur utan um stórbrotna jarðfræðilega minjastaði.

d. Markaðsstofa Suðurlands

Grétar Ingi Erlendsson óskar, vegna anna, eftir lausn sem aðalmaður í stjórn Markaðsstofu Suðurlands. Stjórn verður við því. Skv. ársþingi SASS 2022 verður varamaður hans Ása Valdís Árnadóttir aðalmaður í stjórn MSS og Árni Eiríksson verður áfram varamaður.

e. Stafrænt ráð sambandsins

Jóhann Ýr Jóhannsdóttir verður áfram fulltrúi SASS í stafrænu ráði sambandsins.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn sem fjarfundur föstudaginn 2. júní nk. kl. 12:30.

Fundi slitið kl. 15:16

Ásgerður Kristín Gylfadóttir

Einar Freyr Elínarson

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir

Brynhildur Jónsdóttir



SASS
SAMTOK
SUNNLENSKRA
SVEITARFELAGA

Arnar Freyr Ólafsson
Árni Eiríksson
Jóna Sigríður Guðmundsdóttir
Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir

Grétar Ingi Erlendsson

Grétar Ingi Erlendsson
Reason: Signature

Ása Valdís Árnadóttir

Ása Valdís Árnadóttir
Reason: Signature

Knútur Emil Jónasson

Knútur Emil Jónasson
Reason: Signature

Arni Eiríksson

Arni Eiríksson
Reason: Signature

Fundargerð 61. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2023, fimmtudaginn 13. apríl kl. 10:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Árni Eiríksson, Knútur Emil Jónasson og Grétar Ingi Erlendsson.

Að auki sat fundinn: Jóhannes Águst Jóhannesson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Orkufundur 2023 - 2304001SO**

Formaður lagði fram drög að dagskrá fyrir Orkufund 2023.

Stjórn leggur að leggur til að Orkufundur 2023 verði haldinn miðvikudaginn 10 maí kl. 10-12. Fundurinn verður staðfundur en einnig verður honum streymt.

2. **Önnur mál - 2011004SO**

Formaður kynntu áform um að funda með ráðherrum í byrjun maí. Verður fundað með hverjum ráðherra fyrir sig. Um er að ræða :

Fjármála- og efnahagsráðherra
Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra
Innviðaráðherra

Hugsanlega verður líka fundað með forsætisráðherra.

Rætt var á hvaða fulltrúar væru best til þess fallnir að mæta á fundina með ráðherrunum.

Fundi var slitið kl. 10:45

Ása Valdís Árnadóttir

Árni Eiríksson

Knútur Emil Jónasson

Grétar Ingí Erlendsson

DIGITAL SIGNATURE Guðný Birna Guðmundsdóttir Guðný Birna Guðmundsdóttir Reason: Signature	2.5.2023 10:56:46 GMT DIGITAL SIGNATURE Arni Eiríksson Árni Eiríksson Reason: Signature	2.5.2023 12:21:05 GMT DIGITAL SIGNATURE Grétar Ingi Erlendsson Grétar Ingi Erlendsson Reason: Signature	2.5.2023 13:46:29 GMT DIGITAL SIGNATURE Knutur Emil Jónasson Knutur Emil Jónasson Reason: Signature	2.5.2023 16:03:03 (DIGITAL SIGNATURE Ása Valdís Árnadóttir Ása Valdís Árnadóttir Reason: Signature)
--	--	--	--	--

Fundargerð 62. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2023, föstudaginn 21. apríl kl. 08:15 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Árni Eiríksson, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Knútur Emil Jónasson og Grétar Ingi Erlendsson.

Að auki sat fundinn: Bryndís Gunnlaugsdóttir, ráðgjafi hjá KPMG og Jóhannes Águst Jóhannesson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Stefnumörkun Samtaka orkusveitarfélaga - 2011002SO**

Bryndís Gunnlaugsdóttir, ráðgjafi hjá KPMG kynnti stefnumörkun Samtaka orkusveitarfélaga.

Stjórn samþykkir stefnumörkunina.

2. **Samtök orkusveitarfélaga - ársreikningur 2022 - 2303001SO**

Ársreikningur samtakanna vegna ársins 2022 lagður fram til kynningar. Gera þarf litlar lagfæringar í skýringum í ársreikningi.

3. **Orkufundur 2023 - 2304001SO**

Formaður kynnti drög að dagskrá fyrir Orkufund 2023 sem haldinn verður 10 maí nk. kl. 10-12.

Stjórn samþykkir dagskrá Orkufundar 2023.

4. **Aukaaðalfundur 2023 - 2303002SO**

Unnið var að lokaundirbúningi fyrir aukaaðalfund.

Fundi var slitið kl. 09:30

Ása Valdís Árnadóttir

Árni Eiríksson

Guðný Birna Guðmundsdóttir

Knútur Emil Jónasson

Grétar Ingí Erlendsson

Fundargerð 63. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2023, fimmtudaginn 11. maí kl. 13:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Árni Eiríksson, Jónína Brynjólfssdóttir og Einar Kristján Jónsson.

Að auki sátu fundinn Kristín Ólafsdóttir lögfræðingur og Jóhannes Ágúst Jóhannesson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu og var fundarlið 3 bætt við útsenda dagskrá í stað fundarliðarins önnur mál.

Þetta var tekið fyrir:

1. Samtök orkusveitarfélaga - ársreikningur 2022 - 2303001SO

Ársreikningur 2022 lagður fram til samþykktar.

Stjórn samþykkir ársreikning 2022.

2. Vindorka, valkostir og greining - 2201001SO

Rætt var um skýrslu Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins „Vindorka - valkostir og greining“.

Stjórn samþykkir að Ása Valdís Árnadóttir og Jónína Brynjólfssdóttir geri drög að umsögn um efni skýrslunnar sem lögð verður fyrir næsta stjórnarfund sem haldinn verður þriðjudaginn 16. maí nk. kl. 08:00.

Stjórn samþykkir að Ása Valdís Árnadóttir og Jónína Brynjólfssdóttir mæti fyrir hönd stjórnarinnar á fund verkefnastjórnar í 5. áfanga rammaáætlunar ásamt faghópum þann 17. maí nk.

3. Orkumál - staða og stefna - 2202003SO

Fulltrúar Samtaka orkusveitarfélaga fóru á fund í síðustu viku með Innviðaráðherra, Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og Fjármála- og efnahagsráðuneytinu og kynntu tillögur samtakanna um hvernig aðildarsveitarfélögini sjá fyrir sér að eigi að tryggja ávinning nærsamfélagsins sem voru samþykktar á aukaaðalfundi samtakanna þann 21. apríl síðastliðinn. Á Orkufundi 2023 sem haldinn var 10. maí 2023 kom fram í máli Umhverfis-, orku- og loftsráðherra að samþykkt var af ríkisstjórn þann 11. apríl að skipa starfshóp um orkumál til að skoða þau atriði sem fram koma í stöðuskýrslu um Vindorku og varða skattaleg atriði með það að markmiði að styrkja tekjustofna nærsamfélaga.

Í kjölfarið vill stjórn Samtaka orkusveitarfélaga koma eftirfarandi á framfæri:

Á stjórnarfundi samtaka orkusveitarfélaga sem haldinn var föstudaginn 17. febrúar var bókað að arður af nýtingu náttúruauðlinda til raforkuframleiðslu þarf að skiptast með sanngjörnum hætti milli þeirra sem eru hagaðilar við orkuvinnslu. Tryggja þarf með lögum að nærumhverfið þar sem orkan á uppsprettu sína, njóti efnahagslegs ávinnings sem mun styrkja byggð þar sem orkan verður til um allt land. Það er sanngírnismál að orkuvinnslan skili sambærilegum tekjum í nærsamfélagið eins og öll önnur atvinnustarfsemi gerir. Einnig þarf að breyta raforkulögum til að tryggja að dreifikostnaður raforku sé sá sami í dreifbýli og þéttbýli.

Stjórn samtaka orkusveitarfélaga fagnar því breytta viðhorfi sem fram hefur komið, bæði frá stjórvöldum og orkuframleiðendum, þar sem þau gera sér grein fyrir að orkuskipti í náinni framtíð munu ekki raungerast nema með góðri samvinnu við nærsamfélagið. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hefur tilkynnt að samþykkt hafi verið í ríkisstjórn að breyta skattaumhverfi orkuvinnslu og sú vinna sé að hefjast. Mikilvægt er að Samtök orkusveitarfélaga fái skýra aðkomu að þeirri vinnu til að tryggja að sátt verði um nýtt skattaumhverfi.

Stjórnin telur mikilvægt að sveitarfélög, ríki og orkuframleiðendur gangi í takt og allir beri sanngjarnan ávinning af því gríðarlega mikilvæga markmiði sem orkuskiptin eru og að Ísland verði kolefnishlutlaust fyrir árið 2040. Lykillinn af farsælum orkuskiptum er nýtt skattaumhverfi sem tryggir sanngjarnan efnahagslegan ábata fyrir nærsamfélagið.

Fundi var slitið kl. 14:30

Ása Valdís Árnadóttir

Arni Eiríksson

Jónína Brynjólfssdóttir

Einar Kristján Jónsson

Fundargerð 64. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2023, þriðjudaginn 16. maí kl. 08:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Árni Eiríksson, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Jónína Brynjólfssdóttir, Knútur Emil Jónasson og Einar Kristján Jónsson.

Ása Valdís Árnadóttir ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Vindorka, valkostir og greining - 2201001SO

Rætt var um skýrslu Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins „Vindorka - valkostir og greining“.

Stjórn fékk Guðjón Bragason lögfræðing til að vinna og setja saman umsögn um vindorkuskýrsluna fyrir hönd samtakanna.

Samantekt um efni umsagnar:

Nærsamfélag orkuvinnslu á ekki og getur ekki fórnað sinni náttúru og auðlindum án þess að njóta sanngjarns ávinnings af orkuframleiðslunni. Undanþága frá fasteignamati fyrir virkjanir er tímasketkja sem verður að afnema.

Framtíðarsýn ætti að vera að ákvarðanir um skipulag og leyfisveitingar verði teknar á grundvelli skýrrar stefnu stjórnvalda, heildstæðu regluverki og skýrum leiðbeiningum sem tryggi samræmda og skilvirka framkvæmd og fyrirsýjanleika í ákvarðanatöku.

Við mótn stefnu um staðsetningu vindorkuvera verði ekki eingöngu horft til verndarhagsmuna út frá löggjöf um vernd landslags, náttúru og menningarminja heldur þarf vindorkunýting einnig að vera í sátt við hið byggða umhverfi. Að slík starfsemi byggist einkum upp á röskuðum svæðum í grennd við iðnaðarsvæði er nálgun sem hugnast SO almennt vel en þörf er á frekari umræðu um hvort raunhæft er að einskorða þessa starfsemi við slík svæði.

Skipulagsvaldið er hornsteinn sjálfstjórnarréttar sveitarfélaga. Fela ætti sveitarstjórnnum mun meira ákvörðunarvald um staðsetningu og umfang virkjana. Stjórnarsýsla orkumála hér á landi er um margt frábrugðin því sem gildir í samanburðarlöndum og er á engan hátt sjálfgefið að rammaáætlun verði áfram í gildi.

Takmarkanir á ákvörðunarvaldi sveitarstjórna þurfa að vera skýrt rökstuddar með tilliti til almannahagsmuna, þótt jafnframt þurfi að byggja inn í ferlið að hagsmunir nálægra sveitarfélaga og annarra atvinnugreina séu virtir og að markmið um vernd náttúru- og menningarminja séu tryggð.

Settar eru fram ábendingar um mögulegar úrbætur á núverandi ferli rammaáætlunar. SO telur afar mikilvægt að kynning á fyrirhuguðum vindorkuverum fari fram áður en Orkustofnun vísar slíkum virkjanakostum til verkefnisstjórmar rammaáætlunar og jafnvel kæmi til álita að strax á því stigi geti sveitarstjórnir hafnað eða a.m.k. frestað því að einstakir virkjanakostir fari í formlegt ferli, t.d. ef sýnt þykir að þeir fari í bága við aðalskipulag sveitarfélagsins. Forsenda slíkrar málsmeðferðar er að gæði gagna sem fylgja virkjanakostum á frumstigi verði betri en nú er raunin.

Stjórn samþykkir umsögnina og felur formanni, Ásu Valdísí Árnadóttur að skila umsögninni inn í samráðsgáttina fyrir hönd stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga. Umsögnin í heild sinni verður jafnframt send á öll aðildarsveitarfélögin og birt á heimasiðu orkusveitarfélaga. Stjórn hvetur sveitarstjórnir til að taka undir umsögnina og/eða skila inn umsögn um vindorkuskýrsluna. Stjórn þakkar Guðjóni Bragasyni fyrir hans vinnu.

Fundi var slitið kl. 09:00

Ása Valdís Árnadóttir

Árni Eiríksson

Guðný Birna Guðmundsdóttir

Jónína Brynjólfssdóttir

Knútur Emil Jónasson

Einar Kristján Jónsson

SAMTÖK ORKUSVEITARFÉLAGA

www.orkusveitarfelog.is

Umsögn Samtaka orkusveitarfélaga um skýrsluna: VINDORKA valkostir og greining

Tilvísun: Mál nr. 84/2023

Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga (SO) hefur fjallað um skýrslu starfshóps sem ráðherra umhverfis-, orku- og loftslagsmála skipaði á sl. ári til að gera tillögur um nýtingu vindorku. Málefnið hefur einnig verið rætt á fundum samtakanna með aðildarsveitarfélögum SO, sem eru rúmlega 20 talsins. Einnig hafa SO átt gott samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga um málefnið og eftir því sem við á vísa SO einnig til umsagnar sambandsins um skýrsluna.

Í umsögn þessari hafa SO leitast við að setja fram afstöðu samtakanna til flestra þeirra álitaefna sem sett eru fram í skýrslu starfshópsins. Um þau svör vísast einkum til kafla um valkosti varðandi fyrirkomulag stjórnsýslu.

Samantekt um efni umsagnar

- Nærsamfélag orkuvinnslu á ekki og getur ekki fórnado sinni náttúru og auðlindum án þess að njóta sanngjarns ávinnings af orkuframleiðslunni. Undanþága frá fasteignamati fyrir virkjanir er tímaskekkja sem verður að afnema.
- Framtíðarsýn ætti að vera að ákvárdanir um skipulag og leyfisveitingar verði teknar á grundvelli skýrrar stefnu stjórnvalda, heildstæðu regluverki og skyrum leiðbeiningum sem tryggi samræmda og skilvirka framkvæmd og fyrirsjáanleika í ákvárdanatöku.
- Við móton stefnu um staðsetningu vindorkuvera verði ekki eingöngu horft til verndarhagsmunu út frá löggjöf um vernd landslags, náttúru og menningarminja heldur þarf vindorkunýting einnig að að vera í sátt við hið byggða umhverfi. Að slík starfsemi byggist einkum upp á röskuðum svæðum í grennd við iðnaðarsvæði er nálgun sem hugnast SO almennt vel en þörf er á frekari umræðu um hvort raunhæft er að einskorða þessa starfsemi við slík svæði.
- Skipulagsvaldið er hornsteinn sjálfstjónarréttar sveitarfélaga. Fela ætti sveitarstjórnnum mun meira ákvörðunarvald um staðsetningu og umfang virkjana. Stjórnsýsla orkumála hér á landi er um margt frábrugðin því sem gildir í samanburðarlöndum og er á engan hátt sjálfgefið að rammaáætlun verði áfram í gildi.
- Takmarkanir á ákvörðunarvaldi sveitarstjórnar þurfa að vera skýrt rökstuddar með tilliti til almannahagsmunu, þótt jafnframt þurfi að byggja inn í ferlið að hagsmunir nálægra sveitarfélaga og annarra atvinnugreina séu virtir og að markmið um vernd náttúru- og menningarminja séu tryggð.
- Settar eru fram ábendingar um mögulegar úrbætur á núverandi ferli rammaáætlunar. SO telur afar mikilvægt að kynning á fyrirhuguðum vindorkuverum fari fram áður en Orkustofnun vísar slíkum virkjanakostum til verkefnistjórnar rammaáætlunar og jafnvel kæmi til álita að strax á því stigi geti sveitarstjórnir hafnað eða a.m.k. frestað

SAMTÖK ORKUSVEITARFÉLAGA

www.orkusveitarfelog.is

því að einstakir virkjanakostir fari í formlegt ferli, t.d. ef sýnt þykir að þeir fari í bága við aðalskipulag sveitarfélagsins. Forsenda slískrar málsméðferðar er að gæði gagna sem fylgja virkjanakostum á frumstigi verði betri en nú er raunin.

1. Samráð um efni skýrslunnar

Tilefni er í upphafi til að lýsa ánægju með það mikla samráð sem starfshópurinn átti um efni skýrslunnar við fulltrúa sveitarfélaga um þau álitaefni sem fjallað er um í skýrslunni. Snerist það samtal einkum um þrjú atriði:

- **Aðkomu sveitarfélaga að leyfisveitingaferli fyrir virkjanir.**

Rætt var ítarlega um ágalla á því kerfi eins og það er í dag og mögulegar leiðir til úrbóta, þar sem af hálfu sveitarfélaga var eðlilega lögð rík áhersla á að sveitarfélögin fara með skipulagsmál og þurfa því sjónarmið þeirra og hagsmunir nærsamfélagsins, sem sveitarstjórn ber að standa vörð um, að hafa meira vægi í umfjöllun um mögulega orkukosti heldur en raunin er í dag.

SO telur mikilvægt að horfa til reynslu nálægra ríkja við móton tillagna um breytt fyrirkomulag.

- **Leiðir til að auka tekjur nærsamfélaga sem verða fyrir áhrifum af orkuvinnslu.**

Fjallað var um þörf fyrir tafarlausar úrbætur á löggjöf um skattlagningu orkumannvirkja. Undanþáguákvæði í 26. gr. laga um skráningu og mat fasteigna hefur lengi verið gagnrýnt af hálfu sveitarfélaga. Tveir starfshópar sem fjallað hafa um fyrirkomulag skattlagningar hafa ekki komist að niðurstöðu um mögulega útfærslu og er ljóst að þolinmæði sveitarfélaga gagnvart aðgerðaleysi stjórnvalda í þessu máli er löngu þrotin.

Stjórn SO hefur ályktað um að úrbætur í þessu máli sé alger forsenda þess að sveitarfélög sjái sér fært að vinna að skipulagi og framkvæmdaleyfum fyrir nýjar virkjanir. Margar sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaga SO hafa tekið undir þá ályktun.

- **Þörf er á stefnu um vindorkunýtingu og úrbætur á lagaumhverfi vindorkunýtingar**

Bent var á að fyrir liggur skýrsla starfshóps um regluverk í tengslum við starfsemi og framkvæmdir vegna vindorkuvera frá árinu 2018. Í skýrslunni eru lagðar til ýmsar úrbætur á lagaumhverfi, fæstar þó stórvægilegar. Einnig er lagt til í skýrslunni að hafin verði vinna við samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir vindorkuver og að Skipulagsstofnun skoði þörf á setningu reglna um um fjarlægðarmörk milli vindorkuvera og byggðar, m.a. með tilliti til hávaða, skuggavarps og öryggisþátta. Í skýrslunni er einnig komið inn á fleiri mikilvæg atriði án þess að gerðar séu beinar tillögur um breytingar. Þar er e.t.v. mikilvægast hvaða reglur eigi að gilda um lýsingu vindorkumastra m.t.t. flugöryggis. Því miður hefur lítið farið fyrir frekari vinnu til að fylgja þessari úttekt starfshópsins eftir.

SAMTÖK ORKUSVEITARFÉLAGA

www.orkusveitarfelog.is

Tillögur sem lagðar voru fram á Alþingi um stefnu og breytingar á lagaumhverfi vindorkunýtingar á árinu 2021 voru einnig ræddar, sem og grænbók um orkumál og fleiri skýrslur sem vísað er til í skýrslu starfshópsins.

Í stuttu máli var á fundum með starfshópnum lýst þeirri afstöðu af hálfu sveitarfélaga, m.a. með vísan til stefnumörkunar Sambands íslenskra sveitarfélaga 2022-2026, að mikilvægt er að fyrir liggi skýr stefna ríkisins um vindorkunýtingu og orkumál almennt, þar sem lögð verði áhersla á raforkuöryggi, ásamt því að mæta þeim áskorunum sem stjórnvöld standa frammi fyrir varðandi orkuskipti og möguleika til atvinnuuppbryggingar um allt land. Regluverk um vindorkunýtingu þurfi að vera skýrt og stjórnsýsla skilvirk. Ekki var tekin bein afstaða til þess af hálfu sveitarfélaga hvort vindorkunýting skuli vera vera innan eða utan rammaáætlunar heldur var rætt um kosti og galla mismunandi leiða hvað það varðar.

Að álti SO er í skýrslu starfshópsins tekið mikið tillit til þeirra sjónarmiða sem fram hafa komið af hálfu fulltrúa sveitarfélaga. Væntingar SO eru að við frekari úrvinnslu að loknu samráðsferli muni þetta samtal halda áfram, bæði hvað varðar stefnu um vindorkunýtingu og úrbætur á málsméðferð og einnig varðandi gjaldtöku og skattlagningu af raforkuframleiðslu.

2. Stefnumótun Samtaka orkusveitarfélaga

Áður en kemur að umfjöllun um skýrslu starfshópsins er tilefni til að upplýsa að á sama tíma og starfshópurinn vann að sinni greiningu á starfsumhverfi vindorkuvera fór fram vinna við uppfærslu á stefnumörkun Samtaka orkusveitarfélaga ásamt því að unnar voru tillögur að því hvernig aðildarsveitarfélögin sjá fyrir sér að hægt væri að tryggja nærsamféluginu ávinning af orkuvinnslu. Niðurstaða þeirrar vinnu liggur nú fyrir og má draga helstu niðurstöður fram í eftirfarandi megináherslur:

- Núverandi staða er sú að aðeins lítill hluti ávinnings af orkuframleiðslu verður eftir í nærsamfélagi orkuframleiðslu. Núverandi ávinnungur nærsamfélagsins af virkjunum er aðeins fasteignagjöld af hluta þeirra orkumannvirkja sem ekki eru undanþegin fasteignamati og fasteignaskatti. Nærsamfélag orkuvinnslu er það landsvæði er verður fyrir beinum og óbeinum áhrifum af orkuvinnslu, þar á meðal landsvæði undir megin flutningskerfi raforku. Nærsamfélag orkuvinnslu á ekki og getur ekki fórnað sinni náttúru og auðlindum án þess að njóta sanngjarns ávinnings af orkuframleiðslunni.
- Öll mannvirki og stöðug áhrif er takmarka aðra notkun á landsvæði flokkast sem bein áhrif en óbein áhrif geta verið t.d. sjónræn, jarðhræringar eða áhrif á landnotkun og vatnasvæði. Skipta þarf tekjum nærsamfélagsins af orkuvinnslu milli þeirra er verða fyrir beinum áhrifum, óbeinum áhrifum og til nærsamfélags megin flutningskerfis raforku. Eðlilegt er að stærsti hlutinn fari til nærsamfélags er verður fyrir beinum áhrifum og nokkuð jöfn hlutföll séu milli þess svæðis er verður fyrir óbeinum áhrifum og til nærsamfélags flutningskerfisins.

SAMTÖK ORKUSVEITARFÉLAGA

www.orkusveitarfelog.is

- Tekjustofnar nærsamfélagsins af orkuvinnslu ætti að vera blönduð leið af fasteignasköttum og auðlindarentu sem hægt er að útfæra t.d. sem ákveðið gjald af framleiðslugetu eða hlutdeild í framleiðslu. Samhliða því er nauðsynlegt að breyta lögum svo aukinn hluti mannvirkja tengd orkuvinnslu séu skráð til fasteignamats og andlag fasteignaskatts. Tryggja þarf einnig að nærsamfélag megin flutningskerfi raforku sé tryggð hluti af tekjum.
- Ávinnungur framleiðslu rafmagns er minnstur þar sem orkan er framleidd og mest þar sem orkan er nýtt og eru flest sérfræðistörf staðsett á höfuðborgarsvæðinu. Ávinnungur landsbyggðarinnar af framleiðslu orku er ekki jafnaður og er það ófrávísjanleg krafa að farið verði í afnám dreifbýlisgjalds rafmagns.

Framangreind atriði hafa verið áréttuð frekar á vettvangi SO, m.a. á orkufundi sem haldinn var í maí á þessu ári. Umfjöllun um fyrirliggjandi skýrslu um vindorkumál hafa einnig orðið til þess að skerpa á umræðu á vettvangi samtakanna. Þannig bókaði stjórn SO eftirsarandi á stjórnarfundi 11. maí sl.:

Á stjórnarfundi samtaka orkusveitarfélaga sem haldinn var föstudaginn 17. febrúar var bókað að arður af nýtingu náttúruauðlinda til raforkuframleiðslu þarf að skiptast með sanngjörnum hætti milli þeirra sem eru hagaðilar við orkuvinnslu. Tryggja þarf með lögum að nærumhverfið þar sem orkan á uppsprettu sína, njóti efnahagslegs ávinnings sem mun styrkja byggð þar sem orkan verður til um allt land. Það er sanngirnismál að orkuvinnslan skili sambærilegum tekjum í nærsamfélagið eins og öll önnur atvinnustarfsemi gerir. Einig þarf að breyta raforkulögum til að tryggja að dreifkostnaður raforku sé sá sami í dreifbýli og péttbýli.

Stjórn samtaka orkusveitarfélaga fagnar því breytta viðhorfi sem fram hefur komið, bæði frá stjórnvöldum og orkuframleiðendum, þar sem þau gera sér grein fyrir að orkuskipti í náinni framtíð munu ekki raungerast nema með góðri samvinnu við nærsamfélagið. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hefur tilkynnt að samþykkt hafi verið í ríkisstjórn að breyta skattaumhverfi orkuvinnslu og sú vinna sé að hefjast. Mikilvægt er að Samtök orkusveitarfélaga fái skýra aðkomu að þeirri vinnu til að tryggja að sátt verði um nýtt skattaumhverfi.

Stjórnin telur mikilvægt að sveitarfélög, ríki og orkuframleiðendur gangi í takt og allir beri sanngjarnan ávinnning af því gríðarlega mikilvæga markmiði sem orkuskiptin eru og að Ísland verði kolefnishlutlaust fyrir árið 2040. Lykillinn að farsælum orkuskiptum er nýtt skattaumhverfi sem tryggir sanngjarnan efnahagslegan ábata fyrir nærsamfélagið.

3. Almennt um skýrslu starfshópsins

Að álti SO er í skýrslu starfshópsins dregin upp skýr mynd varðandi helstu atriði sem huga þarf að varðandi vindorkunýtingu hér á landi og að skýrslan kortleggi afar vel helstu álitaefni. Ótvíraett er að mikil tækifæri eru til að nýta þá auðlind sem felst í vindorku í

SAMTÖK ORKUSVEITARFÉLAGA

www.orkusveitarfelog.is

umtalsvert meira mæli en nú er raunin. Síl nýting þarf hins vegar að fara fram á grundvelli skýrrar stefnu stjórvalda og bæta þarf regluverk og stjórnsýsluferla þannig að málsmeðferð verði fyrirsjáanleg. Í skýrslunni er jafnframt dregið skýrt fram að stjórnsýsla orkumála hér á landi er um margt frábrugðin því sem gildir í samanburðarlöndum. Eðlilegt er að úrbætur hvað þessi atriði varðar taki mið af framkvæmd í ríkjum þar sem áratuga reynsla er af vindorkunýtingu, fremur en að miða eingöngu við þá stjórnsýsluframkvæmd í orkumálum sem er hér á landi í dag.

Jákvætt er að í skýrslu starfshópsins er stillt upp mismunandi valkostum til umræðu, frekar en að setja fram tillögur um tiltekna leið. Þekkingaröflun stendur enn yfir og hafa fulltrúar SO m.a. tekið þátt í kynnisferðum til Danmerkur og Noregs á undanförnum mánuðum þar sem breiður hópur fulltrúa úr stjórnsýslu, stjórmálum og atvinnulífi hafa kynnt sér framkvæmd í þessum ríkjum. Sú þekking sem þannig hefur verið aflað mun án efa nýtast við móturn lagafrumvarps og stefnu stjórvalda um nýtingu vindorku.

Jákvætt er einnig að starfshópurinn tekur í meginatriðum undir þá afstöðu SO að óbreytt fyrirkomulag varðandi skattlagningu virkjana er ekki líklegt til að stuðla að sátt um uppbyggingu nýrra virkjanakosta, og að undanþágur frá fasteignaskatti sé tímaskekkja sem verði að afnema, a.m.k. hvað varðar raforkuframleiðslu. SO telur sjálfsgagt að skoða möguleika á að við útfærslu á breyttu fyrirkomulagi verði horft til einhvers konar samspils auðlindagjalfa og beinna skatta. SO telur þó tilefni til að áréttu að sveitarfélöginn leggja mikla áherslu á að tekjur af virkjunum renni beint til þeirra, frekar en t.d. að þau þurfi að sækja um úthlutun úr einhvers konar samkeppnissjóði.

Þar sem þegar hefur verið tekin ákvörðun um að skipa starfshóp um fyrirkomulag gjaldtöku mun SO ekki fjalla ítarlega um þann þátt málsins í þessari umsögn. Af hálfu SO er því fyrst og fremst lögð áhersla á að starfshópur um þetta verkefni vinni hratt og í nánu samráði við samtökin. Útgangspunktur í þeirri vinnu þarf að vera að nærsamfélög þar sem uppbygging og starfsemi vindorkuvera og þar sem mest umhverfisáhrif verða fái í sinn hlut fjármuni sem máli skipta fyrir þau og fbúa þess. Vænta má að ef ekki verði frá þessu gengið með eðlilegum og tryggilegum hætti muni það hamla verulega nýtingu vindorku hér á landi og torvelda þar með markmið um orkuskipti.

4. Valkostir varðandi fyrirkomulag stjórnsýslu

SO lýsir ánægju með þá hlutlægu umfjöllun sem fram kemur í 4. kafla skýrslunnar þar sem velt er upp ólískum valkostum um málsmeðferð. Óháð því hvaða leið verður fyrir valinu varðandi stjórnsýsluferla telur SO óhjákvæmilegt að styrkja stjórnsýslu bæði hjá ríki og sveitarfélögum.

Framtíðarsýn ætti að vera að ákvarðanir um skipulag og leyfisveitingar verði teknar á grundvelli skýrrar stefnu stjórvalda, heildstæðu regluverki og skýrum leiðbeiningum sem tryggi samræmda og skilvirka framkvæmd og fyrirsjáanleika í ákvarðanatöku. Við frekari útfærslu telur SO rétt að horfa m.a. til skýrslu starfshóps um úrbætur á lagaumhverfi

SAMTÖK ORKUSVEITARFÉLAGA

www.orkusveitarfelog.is

vindorkuvera og tillagna í drögum að landsskipulagsstefnu, þar sem m.a. var gerður greinarmunur á vindorkunýtingu eftir umfangi vindorkuvinnslu.

a. *Rammaáætlun er ekki eina leiðin*

SO telur mikilvægt að hafa í huga að sú miðlæga stýring sem fer fram á vettvangi verkefnisstjórnar um rammaáætlun varðandi virkjanir sem framleiða meira en 10 MW, framlagning þingsályktunar á Alþingi um tillögur verkefnisstjórnar og bindandi áhrif samþykkrar rammaáætlunar á skipulag sveitarfélaga er nánast óþekkt í öðrum ríkjum. Það getur þó í einhverjum tilvikum ráðist af umfangi virkjanaáforma hvort framkvæmd er háð samþykki eða staðfestingu stofnana ríkisins.

Afstaða SO er að skipulagsvaldið sé hornsteinn sjálfstjórnarréttar sveitarfélaga og að það beri að styrkja. Þótt möguleikar séu vissulega til að bæta núverandi málsmeðferð, mögulega með einhvers konar sérstakri málsmeðferð fyrir vindorkuver, hljóti fyrsti kosturinn ávallt að vera sa að sveitarstjórn verði falið mun meira ákvörðunarvald um staðsetningu og umfang virkjana innan þeirra stjórnsýlumarka. Verði rammaáætlun samt sem áður áfram meginregla um orkuver yfir 10 MW leggur SO því áherslu á að gerð verði sú lagabreyting að sveitarstjórnir verði ekki bundnar af niðurstöðu rammaáætlunar heldur hafi þær neitunarvald um virkjanaframkvæmdir innan sinna marka.

Takmarkanir á ákvörðunarvaldi sveitarstjórnar þurfa að vera skýrt rökstuddar með tilliti til almannahagsmunu, þótt jafnframt þurfi að byggja inn í ferlið að hagsmunir nálægra sveitarfélaga og annarra atvinnugreina séu virtir og að markmið um vernd náttúru- og menningarminja séu tryggð. SO telur rétt að benda á að í 21. gr. skipulagsлага er nú þegar heimild til að vinna svæðisskipulag um þá þætti landnotkunar sem þörf er á að samræma og í skipulagslögum er kveðið á um kynningar- og samráðsferli sem sveitarstjórnir þekkja og fara eftir í sinni málsmeðferð. Að auki eru í gildi lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana sem leggja skyldu á framkvæmdaraðila og leyfisveitendur um vandaða málsmeðferð við undirbúning og ákvarðanir um framkvæmdaleyfi. SO telur tilefni til að taka sérstaklega undir það sem fram kemur á bls. 75 í skýrslu starfshópsins, að skýr stefna um hagnýtingu vindorku væri gagnleg í þessu tilliti.

Hvað varðar spurningar á bls. 57 í skýrslunni lýsir SO eftirfarandi afstöðu:

- Óhjákvæmilegt er að gerð verði lagabreyting um meðhöndlun vindorkukosta en það þurfi ekki óhjákvæmilega að fela í sér setningu sérslaga um meðferð vindorkukosta fremur en í öðrum ríkjum, þar sem þegar er í gildi löggjöf um skipulag, mannvirkjagerð og umhverfismat. Nýta mætti landsskipulagsstefnu eða hugsanlega aðra stefnumótun stjórnavalda ásamt leiðbeiningum til sveitarfélaga og framkvæmdaraðila til að samræma málsmeðferð og mat á áhrifum vindorkukosta.
- Ekki verður séð að sama þörf sé á að friðlýsa svæði gagnvart orkunýtingu þótt þau þyki ekki henta til vindorkunýtingar eins og gengið er út frá í lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun. Ákvarðanir um friðlýsingu slíksra svæða ættu fremur að ráðast af almennum sjónarmiðum á grundvelli náttúruverndarlaga og annarra laga eftir því sem við á. Tilefni kann þó að að vera til þess að huga sérstaklega að m.a.

SAMTÖK ORKUSVEITARFÉLAGA

www.orkusveitarfelog.is

vernd víðerna, en eins og vikið er að í dæmaskyni á bls. 27 í skýrslu starfshópsins eru óbyggðu víðerni ekki sjálfkrafa útilokuð frá umfjöllun í verndar- og orkunýtingaráætlun nema búið sé að friðlýsa umrætt víðerni sérstaklega sem óbyggt víðerni. Ekki er nægilegt að einungis sé staðreynt að um sé að ræða slíkt svæði, jafnvel þótt kveðið sé á um í e-lið 3. gr. náttúruverndarlaga að standa skuli vörð um óbyggð víðerni landsins. SO víesar einnig til nánari umfjöllunar um óbyggð víðerni á bls. 62 í skýrslunni.

- Að álíti SO eru lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 nægilega skýr um að álit Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdarinnar skal lagt til grundvallar við afgreiðslu umsókna um leyfi til framkvæmda. Um þetta vísat m.a. til skýringa við 27. gr. laganna þar sem rakið er hvað felst í umræddu orðalagi laganna.¹

SO telur að lokum tilefni til að minna á að nú er að störfum starfshópur um endurskoðun á fyrirkomulagi og ráðstöfun skipulagsgjalds. Komi til álita að skylda sveitarfélög til samstarfs um gerð svæðisskipulags varðandi vindorkunýtingu þarf að tryggja að Skipulagssjóður hafi nauðsynlegar fjárhheimildir til að standa að hluta eða öllu leyti undir kostnaði sveitarfélaga við þá vinnu.

b. Pörf fyrir úrbætur á ferli rammaáætlunar

Verði niðurstaðan hins vegar sú að vindorkukostir fari áfram í ferli hjá verkefnisstjórn rammaáætlunar er mikilvægt að leita leiða til bæta málsméðferð í því ferli, þar sem horfa má til ábendinga og spurninga í 4. kafla skýrslu starfshópsins. Nú þegar hafa verið stigin ákveðin skref í átt til úrbóta, einkum með skipun faghópa um rýni á samfélagslegum og efnahagslegum áhrifum virkjanakosta. Brýn þörf er þó á frekari styrkingu á rammaáætlunarferlinu, þar sem m.a. ætti að leita leiða til að tryggja að verkefnisstjórn og faghópar horfi til spár um orkuþörf, markmiða um orkuskipti og markmiða um að auka raforkuöryggi um allt land við móton tillagna sinna.

SO telur afar mikilvægt að kynning á fyrirhuguðum vindorkuverum fari fram áður en Orkustofnun víesar slíkum virkjanakostum til verkefnisstjórnar rammaáætlunar og jafnvel kæmi til álita að strax á því stigi geti sveitarstjórnir hafnað eða a.mk. frestað því að einstakir virkjanakostir fari í formlegt ferli, t.d. ef sýnt þykir að þeir fari í bága við aðalskipulag sveitarfélagsins. Forsenda slískrar málsméðferðar er að gæði gagna sem fylgja virkjanakostum á frumstigi verði betri en nú er raunin.

Einn helsti ókostur rammaáætlunar er sá að ferlið er í dag mjög tímafrekt og er fullt tilefni til að tryggja eins og mögulegt er að sá tími sem líður frá upphafi vinnu við einstaka áfanga þar til þingsályktun er samþykkt á Alþingi verði mun styttri en raunin var við afgreiðslu þriðja áfanga. SO telur vel koma til greina að fækka þeim virkjanakostum sem til

¹ <https://www.althingi.is/altext/151/s/1191.html>

SAMTÖK ORKUSVEITARFÉLAGA

www.orkusveitarfelog.is

umfjöllunar eru í hverjum áfanga en lykilatriði er þá að gögn sem fylgja þeim virkjanakostum sem vísað er til verkefnisstjórnar verði vandaðri en raunin er í mörgum tilvikum nú.

Á þessu stigi tekur SO ekki beina afstöðu til allra spurninga í 4. kafla um eftirfarandi atriði en að sjálfsögðu lýsa samtökin sig reiðubúin til frekara samráðs um þessi og fleiri álitaefni í skýrslunni:

- Er rétt að afgreiða virkjunkosti í vindorku með samþykki eða höfnun, án þess að viðhöfð sé flokkun í nýtingar-, verndar- eða biðflokka?
- Er ástæða til að breyta því fyrirkomulagi að sveitarfélög séu bundin af ákvörðun verndar- og orkunýtingaráætlunar við skipulagsgerð sína að því er varðar hagnýtingu vindorku í ljósi þess að hún er ekki eins staðbundinn orkukostur og hinir hefðbundnu orkukostir, vatnsorka og jarðvarmi?
- Á að vera hægt að taka nýja vindorkukosti inn í nýtingarflokk rammaáætlunar án þess að Alþingi fjalli sérstaklega um þá?

5. Frekari ábendingar við skýrslu starfshópsins

Eignarhald og afnotaréttur á fasteignum - 1.500 ha. reglan

Á bls. 22 í skýrslu starfshópsins er bent á ákvæði laga um eignarhald og afnotarétt á fasteignum og ákvæði jarðalaga. Tilefni kann sérstaklega að vera til að endurskoða takmarkanir í síðarnefndu lögnum um að einstakir aðilar þurfi heimild ráðherra til eignast eða leigja til lengri tíma en sjö ára ef þeir eiga fyrir fasteignir sem eru samanlagt 1.500 ha. eða meira að stærð. Markmið þessarar reglu er að sporna við sambjöppun eignarhalds á landbúnaðarlandi og kann að vera tilefni til að taka af vafa um að leiga á landi og réttindum til orkuvinnslu falli ekki undir þessar takmarkanir. Ekki verður hins vegar séð að skýrir almannahagsmunir leiði til þess að t.d. Landsvirkjun þurfi að sækja um undanþágu frá umræddu lagaákvæði þótt landsvæði í eigu eða leigu til orkuvinnslu fari yfir tilgreind stærðarmörk.

Staðsetning vindorkuvera – 5. kafli

Í 5. kafla er ágæt umfjöllun um helstu sjónarmið sem rædd hafa verið í vinnu starfshópsins varðandi staðsetningu vindorkuvera, fjölda vindmylla á hverju svæði og stærð þeirra. SO vill fyrst og fremst setja fram þann almenna fyrirvara að vindorkunýting getur orðið af mismunandi stærðargráðu eftir aðstæðum. Í drögum að landsskipulagsstefnu var m.a. sérstakur kafli um vindorkunýtingu þar sem gert var ráð fyrir mismunandi reglum eftir því hvort um væri að ræða annars vegar vindorkunýtingu á lögbýlum með tiltölulega lágum möstrum og takmarkaðri framleiðslugetu og hins vegar vindorkuverum yfir 10 MW. Framtíðarsýn varðandi orkuskipti þarf að gera ráð fyrir báðum þessum sviðsmyndum en augljóst er að umhverfisáhrif t.d. 20 metra hárra mastra eru allt önnur og minni en 150-200 metra hárra mastra.

SAMTÖK ORKUSVEITARFÉLAGA

www.orkusveitarfelog.is

Á þessu stigi lýsir SO ekki beinni afstöðu til þeirra sjónarmiða sem fram koma í kaflanum, að öðru leyti en því að skipulag hvers sveitarfélags sé réttur vettvangur til að skilgreina nánar áherslur viðkomandi sveitarstjórnar, með hliðsjón af stefnu stjórnválda um vindorkunýtingu. Sérstaklega leggur SO áherslu á að við mótn stefnu um staðsetningu vindorkuvera verði ekki eingöngu horft til verndarhagsmuna út frá löggið um vernd landslags, náttúru og menningarminja heldur verði einnig horft til þess að vindorkunýting þarf að vera í sátt við hið byggða umhverfi. Að slík starfsemi byggist einkum upp á röskuðum svæðum í grennd við iðnaðarsvæði er nálgun sem hugnast SO almennt vel en þörf er á frekari umræðu um hvort raunhæft er að einskorða þessa starfsemi við slík svæði.

6. Lokaorð

Samtök orkusveitarfélaga óska eftir því að fá tækifæri til að fylgja umsögn þessari eftir með samtali um mögulegar leiðir til útfærslu á þeim ábendingum sem settar eru fram í skýrslunni.

Einnig óska SO eftir aðkomu strax á undirbúningsstigi varðandi mótn stefnu um vindorkunýtingu enda er ljóst að það verkefni hefur mikla tengingu við skipulagsmál sveitarfélaga.

F.h. Samtaka orkusveitarfélaga

16. maí 2023

Ása Valdís Árnadóttir
Ása Valdís Árnadóttir

formaður

Fundur stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings haldinn á Þingborg fimmtudaginn 11. maí 2023 kl. 11:30.

Mættir eru:

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Flóahrepps

Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps

Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps

Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar

Haraldur Þór Jónsson, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Auk þeirra mættu til fundarins Anný Ingimarsdóttir, deildarstjóri velferðarþjónustu og Gunnlaug Hartmannsdóttir, deildarstjóri skólabjónustu.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Aldís Hafsteinsdóttir.

Formaður, Hulda Kristjánsdóttir, setti fund og stjórnaði.

1. Fréttir frá deildarstjórum skóla- og velferðarþjónustunnar.

Anný og Gunnlaug fóru yfir helstu málefni sem nú eru í gangi hjá þjónustunni. Starfsemin er að komast í góðan gang og stjórnendur skóla á starfssvæðinu hafa verið vel upplýstir um starfsemina. Haldinn var fundur með stjórnendum leikskóla í apríl sem mæltist vel fyrir. Rætt um nauðsyn þess að bæta enn frekar þjónustu við eldra fólk og í því sambandi var rætt um mikilvægi dagdvalar. Tveir verktakar sinna sálfræðingsþjónustu þar sem ekki hefur tekist að ráða sálfræðing. Hefur verktakan reynst vel og góð vinna í gangi í málum. Gunnlaug er ekki komin að fullu til starfa en það mun gerast í síðasta lagi í lok júní.

2. Mönnun og auglýsingar.

Samþykkt var á sínum tíma að ráða í 80% stöðu ráðgjafa í skólabjónustu en sú staða hefur ekki enn verið auglýst. Engar umsóknir bárust um stöður sálfræðings eða talmeinafræðings. Gunnlaug leggur til að ráðið verði í 100% stöðu uppeldis- og kennsluráðgjafa.

Eftirtalar breytingar eru framundan eða orðnar að veruleika: félagsráðgjafi er kominn í 80% starf og mögulega verða breytingar á öðrum stöðum og þá frekar til lækkunar á stöðuhlutfalli. Einnig er nú óskað eftir að ráðning sérfræðings á sviði málefna fatlaðs fólks verði framlengd.

Stjórn samþykkir að framlengja samning við starfsmann um málefni fatlaðs fólks í 40% stöðu til eins árs með sömu formerkjum og áður.

Stjórn samþykkir að auglýsa stöðu uppeldis- og kennsluráðgjafa sem 80-100% stöðu. Óski hæfasti umsækjandinn eftir að vera í 100% starfi er sú ráðning heimil.

Jafnframt samþykkir stjórn samhljóða að fela Anný Ingimarsdóttur, deildarstjóri velferðarþjónustu og Gunnlaugu Hartmannsdóttur, deildarstjóri skólabjónustu að annast ráðningarnar fyrir hönd Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.

3. Launrétt 2 – Tilboð frá TRS o.fl.

Afar slæmt ef nokkuð netsamband er í hluta húsnæðis sem Skóla- og velferðarþjónustan hefur til afnota og er brýnt að bætt verði úr því hið fyrsta

Helga falið að kanna þá möguleika sem í boði eru til að tryggja gott netsamband í húsnæði þjónustunnar.

4. Mánaðarlegt framlag sveitarfélaganna til SVÁ.

Rætt um nauðsyn þess að til sé einhvers konar sjóður sem grípi þá reikninga sem falla til yfir mánuðinn og eins að fyrirfram séu til fjármunir til að greiða laun og annað um mánaðamót.

Stjórn samþykkir að Hrunamannahreppur kalli eftir fjármunum hjá aðildarsveitarfélögnum í samræmi við ofangreint.

5. Vinnustofa II: stjórn, fagnefnd, stjórnendur og starfsfólk.

Stjórn samþykkir að vinnustofan verði haldin í haust og auglýst tímanlega.

6. Sérstök opnun á húsnæði í Laugarási.

Stjórn samþykkir að húsnæðið verði opnað með viðhöfn í haust.

7. Efni til kynningar:

- Undanþága frá lágmarksþúafjölda barnaverndar.
 - Undanþága hefur fengist og gildir hún út árið 2023.
- Samkomulag um bakvaktir
 - Samkomulag hefur verið undirritað milli Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings, Hveragerðisbæ og Sveitarfélagsins Ölfuss um bakvaktir barnaverndar. Greiðslur vegna þessa eru á sama grunni og áður var.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 13:00.



Selfossi, 25.5.2023

Fundargerð stjórnar

8. fundur stjórnar *Brunavarna Árnessýslu* haldinn fimmtudaginn 25. maí 2023, kl. 9.00 á Teams.

Mætt: Helgi Kjartansson (formaður), Fjóla Kristinsdóttir, Bragi Bjarnason, Árni Eiríksson, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Lárus Kristinn Guðmundsson og Pétur Pétursson sem ritaði fundargerð.

1. Bílageymsla á Laugarvatni

Fjallað var um ráðningu byggingastjóra vegna fyrithugaðrar byggingar bílageymslu undir tæki slökkviliðsins á Laugarvatni. Stjórn fól slökkviliðsstjóra að gera verðkönnum hjá nokkrum aðilum vegna þessa áður en endanleg ákvörðun yrði tekin.
Stjórn fól slökkviliðsstjóra að sækja formlega um lóð nr.2 í Krika, á Laugarvatni undir bílageymslu fyrir tæki slökkviliðsins á Laugarvatni.

2. Heimsókn stjórnar í slökkvistöðvar Brunavarna Árnessýslu

Stjórn hyggst skoða húsakost Brunavarna Árnessýslu í uppsveitum Árnessýslu miðvikudaginn 21.júní næstkomandi.

Fleira ekki gert.
Fundí slitið kl. 10:00

Fundargerð 925. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2023, föstudaginn 28. apríl kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Anna Guðmundsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Sunna Hlín Jóhannesdóttir.

Sunna Hlín Jóhannesdóttir og Hildur Björnsdóttir tóku þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað. Rósa Guðbjartsdóttir boðaði forföll, varafulltrúi hennar hafði ekki tök á að sitja fundinn í hennar fjarveru.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórarnir Anna G. Björnsdóttir, Sigurður Árman Snævarr, Valgerður Rún Benediktsdóttir og Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerðir 921., 922., 923. og 924 fundar - 2301014SA

Lagðar fram til kynningar fundargerðir 921., 922., 923. og 924. fundar stjórnar sambandsins frá 30. og 31. mars og 5. og 17. apríl 2023, sem undirritaðar hafa verið með rafrænum hætti.

2. Stafrænt ráð sveitarfélaga - 2009664SA

Lögð fram fundargerð 18. fundar stafræns ráðs sveitarfélaga frá 29. mars 2023. Einnig lögð fram vegna 2. liðar fundargerðarinnar samantekt um sameiginleg innkaup sveitarfélaga á Microsoft hugbúnaðarleyfum - Uppgjör og lærdómur, dags. 28. mars 2023, og vegna 5. liðar fundargerðarinnar skýrsla KPMG um stafrænt samstarf sveitarfélaga - Valkostir fyrir framtíðarfyrirkomulag, dags. í mars 2023.

Stjórn sambandsins tekur undir að nauðsynlegt sé að formgera þátttöku sveitarfélaga í stafrænum samstarfsverkefnum og finna þessu verkefni varanlegri stað innan sambandsins.

Ellisif Tinna Víðisdóttir og Helgi Aðalsteinsson komu inn og sátu fundinn undir fundarlið 3-5.

3. Kjaramálaneftnd sambandsins - 2210010SA

Lögð fram sem trúnaðarskjál fundargerð 36. fundar kjaramálaneftndar sambandsins frá 11. apríl 2023.

4. Staða kjaramála - 2301032SA

Lagt fram sem trúnaðarskjal minnisblað sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins, dags. 25. apríl 2023, um stöðu kjaramála í apríl 2023. Einnig lagt fram sem trúnaðarskjal minnisblað frá kjarasviði sambandsins, dags. 27. apríl 2023, um ósamræmi í launatöflum starfsmats hjá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga.

Stjórn samþykkir þær tillögur sem fulltrúar kjarasviðs gerðu grein fyrir á fundinum.

5. Kjarasamningar 2023-2024 - 2301032SA

Lögð fram samkomulög milli samninganefndar Sambands Íslenskra sveitarfélaga og Verkfræðingafélags Íslands og Stéttarfélags byggingafræðinga og Samiðnar fyrir hönd aðildarfélaga sinna, dags. 21. og 25. apríl 2023, um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila.

Stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga staðfestir samhljóða kjarasamning við Verkfræðingafélag Íslands, Stéttarfélag byggingafræðinga og Samiðnar.

Ellisif Tinna Víðisdóttir og Helgi Aðalsteinsson fóru af fundi kl. 13:15.

6. Fundargerð XXXVIII. landsþings sambandsins - 2301034SA

Lögð fram til kynningar fundargerð XXXVIII. landsþings Sambands Íslenskra sveitarfélaga sem haldið var á Hótel Reykjavík Grand, 31. mars 2023.

Sunna Hlín Jóhannesdóttir fór af fundi kl. 13:05.

7. Fjármál sveitarfélaga - 2304026SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs sambandsins, dags. 27. apríl 2023, um fjármál sveitarfélaga. Sigurður Ármann Snævarr gerði grein fyrir minnisblaðinu og svaraði fyrirspurnum stjórnarfólks.

Eftirfarandi bókun var samþykkt samhljóða.

Sú mynd sem hér er dregin af fjármálum sveitarfélaga er alvarleg og við henni þarf að bregðast. Mikilvægt er að styrkja tekjustofna sveitarfélaga og ráða til lykta í viðræðum við ríkið, fjármögnun málauflokks fatlaðs fólks sem og frekari styrkingu á tekjustofnum sveitarfélaga.

Hildur Björnsdóttir fór af fundi kl. 13:35.

8. Skógrækt - 2304013SA

Lagt fram bréf Vina Íslenskrar náttúru, dags. 14. apríl 2023, um skipulag skógræktar - ábyrgð sveitarstjórnar.

Stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga þakkar fyrir erindið og felur framkvæmdastjóra að svara því m.v. umræður á fundinum.

9. Umsögn um skýrslu Boston Consulting Group um lagareldi - 2304001SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til matvælaráðuneytisins, dags. 4. apríl 2023, um skýrslu Boston Consulting Group um stöðu og framtíð lagareldis á Ísland, mál nr. S-49/2023.

10. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál - 2304007SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 12. apríl 2023, um tillögu til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál, 126. mál.

11. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012 - tilkynningar um heimilisofbeldi - 2304006SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 12. apríl 2023, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012 (tilkynningar um heimilisofbeldi), 856. mál.

12. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um þjónustu við eldra fólk 2024-2028 - 2301041SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 12. apríl 2023, um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun um þjónustu við eldra fólk fyrir árin 2024-2028, 860. mál.

13. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun í geðheilbrigðismálum fyrir árin 2023-2027 - 2304009SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 12. apríl 2023, um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun í geðheilbrigðismálum fyrir árin 2023-2027, 857. mál.

14. Umsögn um drög að stefnu í málefnum sveitarfélaga - hvítbók - 2303037SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 14. apríl 2023, um drög að stefnu í málefnum sveitarfélaga (hvítbók), mál nr. S-72/2023.

15. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um landbúnaðarstefnu til ársins 2040 - 2304014SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 17. apríl 2023, um tillögu til þingsályktunar um landbúnaðarstefnu til ársins 2040, 914. mál.

16. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um matvælastefnu til ársins 2040 - 2302009SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 17. apríl 2023, um tillögu til þingsályktunar um matvælastefnu til ársins 2040, 915. mál.

17. Umsögn um fjármálaáætlun fyrir árin 2024-2028 - 2304004SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til fjárlaganefndar Alþingis, dags. 24. apríl 2023, um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2024-2028, 894. mál.

Í lok fundar þökkuðu stjórnarmenn Karli Björnssyni fráfarandi framkvæmdastjóra kærlega fyrir samstarfið og vel unnin störf í þágu sveitarfélaga og óskuðu honum alls hins besta í framtíðinni.

Fundi var slitið kl. 14:05

Fundargerð 926. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2023, miðvikudaginn 17. maí kl. 17:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Anna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Sunna Hlín Jóhannesdóttir.

Að auki fundinn Arnar Þór Sævarsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnar Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir og Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Kjarasamningur við Eflingu - 2301032SA

Inga Rún Ólafsdóttir sviðsstjóri kjarasviðs, Helgi Aðalsteinsson og Ellisif Tinna Víðisdóttir sérfræðingar á kjarasviði gerðu grein fyrir drögum að kjarasamningi við Eflingu.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkir samhljóða þær tillögur sem starfsfólk kjarasviðs gerði grein fyrir á fundinum.

Fundi var slitið kl. 17:30

Fundargerð 927. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2023, föstudaginn 26. maí kl. 13:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Hildur Björnsdóttir, Helgi Kjartansson, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósá Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Sunna Hlín Jóhannesdóttir.

Hildur Björnsdóttir og Sunna Hlín Jóhannesdóttir tóku þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað. Margrét Ólöf A. Sanders boðaði forföll, varamaður hennar Helgi Kjartansson mætti í hennar stað. Einar Þorsteinsson boðaði forföll, varamaður hans hafði ekki tök á að mæta.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnar Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Anna G. Björnsdóttir sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Staða kjaramála - 2301032SA

Lagt fram sem trúnaðarskjal minnisblað sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins, dags. 24. maí 2023, um stöðu kjaramála í maí 2023.

2. Kjarasamningar 2023-2024 - 2301032SA

Lögð fram samkomulög milli samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags íslenskra félagsvíndamanna, Félagsráðgjafafélags Íslands, Fræðagarðs, Iðjuþjálfafélags Íslands, Sálfræðingafélags Íslands, Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga, Stéttarfélags lögfræðinga og Proskapjálfafélags Íslands, dags. 15. maí 2023 og Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga, Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og Eflingar stéttarfélags, dags. 16. og 17. maí 2023, um breytingar og framleiningu á kjarasamningi aðila.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfestir samhljóða kjarasamninga við Félag íslenskra félagsvíndamanna, Félagsráðgjafafélag Íslands, Fræðagarð, Iðjuþjálfafélag Íslands, Sálfræðingafélag Íslands, Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga, Stéttarfélag lögfræðinga, Proskapjálfafélag Íslands, Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga, Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og Eflingar stéttarfélags.

3. Stafrænt ráð sveitarfélaga - 2009664SA

Lögð fram fundargerð 19. fundar stafræns ráðs sveitarfélaga frá 26. apríl 2023. Fjóla María Ágústsdóttir, Hrund Valgeirsdóttir og Björgvin Sigurðsson starfsmen stafræns umbreytingasteymis sambandsins komu inn á fundinn undir þessum lið og gerðu grein fyrir starfi teymisins.

4. Fjallskil - 2301046SA

Flosi H. Sigurðsson, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins gerir grein fyrir stöðu málsins.

Stjórn sambands íslenskra sveitarfélaga telur grunnvandamálið sem sveitarfélög, búfjáreigendur og aðrir landeigendur standa frammi fyrir sé að lög um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. séu komin til ára sinna og uppfylli engan veginn þær kröfur til lagasetningar sem gerðar eru í nútímasamfélagi. Það þarf því ekki eingöngu að ljúka við gerð umræddra verklagsreglna heldur þarf að vera frumkvæði til þess að ganga til heildarendurskoðunar á lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. Slíkt þarf að vera samvinnuverkefni þeirra ráðuneyta og hagsmunaðila sem að málaflokknum koma.

5. Matvælastefna - 2302009SA

Bryndís Eva Birgisdóttir, prófessor og Ólafur Ögmundsson, lektor við Matvæla- næringardeild Háskóla Íslands mættu á fundinn undir þessum lið og kynntu aðgerðir til að hvetja til heilsusamlegs og sjálfbærs mataræðis í samræmi við nýja matvælastefnu.

6. Fundargerðir 925. og 926. fundar - 2301014SA

Lagðar fram til kynningar fundargerðir 925. og 926. fundar stjórnar sambandsins frá 28. apríl og 17. maí 2023, sem undirritaðar hafa verið með rafrænum hætti.

7. Fræðslumálanefnd sambandsins - 2210009SA

Lögð fram fundargerð 144. fundar fræðslumálanefndar sambandsins frá 9. febrúar 2023.

8. Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 2210013SA

Lögð fram fundargerð 85. fundar verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum frá 24. apríl 2023.

9. Fundir með framkvæmdastjórum sveitarfélaga - 2304027SA

Inga Rún Ólafsdóttir, sviðsstjóri kjarasviðs sambandsins greindi frá fundum með framkvæmdastjórum sveitarfélaga.

10. Rekstur og þróun á vefnum Næsta skref - 2303031SA

Lagt fram bréf sambandsins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 17. maí 2023, um beiðni um styrk til reksturs og þróun á vefnum Næsta skref, ásamt fylgiskjölum.

11. Starfshópur um fasteignaskatta - 2302023SA

Sigurður Ármann Svævarr sviðsstjóri fer yfir vinnu hópsins sem er á lokastigi. Í hópnum eru fulltrúar Félags atvinnureknda, Húseigendafélags, Landsambands eldri borgara, HMS og sambandsins.

12. **Tilnefning í starfshóp um endurskoðun húsnæðisstuðnings við leigjendur - 2304020SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 8. maí 2023, þar sem Ása A. Kristjánsdóttir, bæjarlögamaður Kópavogsbæjar, er tilnefnd í starfshóp um endurskoðun húsnæðisstuðnings við leigjendur.
13. **Umsögn um frumvarp til laga um Mennta- og skólapjónustustofu - 2305011SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálaneftndar Alþingis, dags. 10. maí 2023, um frumvarp til laga um Mennta- og skólapjónustustofu, 956. mál.
14. **Umsögn um uppgjör ÍL sjóðs - 2305015SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 12. maí 2023, um áform um slit og uppgjör ÍL-sjóðs, mál nr. S-78/2023.
15. **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti, lögum um íslensk landshöfuðlén og lögum um Fjarskiptastofu - fjarskiptanet, skráning, eftirlit o.fl. - 2303008SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 15. maí 2023, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti, lögum um íslensk landshöfuðlén og lögum um Fjarskiptastofu (fjarskiptanet, skráning, eftirlit o.fl.), 947. mál.
16. **Umsögn um vindorkuskýrslu - 2305018SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 16. maí 2023, um valkostí og greiningu á vindorku - Skýrsla starfshóps, mál nr. S-84/2023.
17. **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum - hagkvæmar íbúðir - 2305020SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 19. maí 2023, um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum, nr. 123/2010 (hagkvæmar íbúðir), 1052. mál.
18. **Umsögn um frumvarp til laga um tímabundnar undanþágur frá skipulags- og byggingarlöggjöf og skipulagi - 2305026SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 23. maí 2023, um frumvarp til laga um tímabundnar undanþágur frá skipulags- og byggingarlöggjöf og skipulagi, 1028. mál.

Fundi var slitið kl. 15:30

Fundargerð 928. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2023, föstudaginn 2. júní kl. 08:30 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Rósá Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Sunna Hlín Jóhannesdóttir.

Nanný Arna Guðmundsdóttir hafði ekki tök á að sitja fundinn og ekki gafst tími til að boða varafulltrúa í hennar fjarveru.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnar Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Kjarasamningar - 2304027SA

Formaður og Inga Rún Ólafsdóttir, sviðsstjóri kjarasviðs sambandsins, gerðu grein fyrir stöðu mála í samningaviðræðum við BSRB. Í máli Ingu Rúnar kom fram að staðan sem upp er komin sé alvarleg og hefur því miður haft áhrif á fjölda aðila. Tók hún skýrt fram að samninganefndin leggi áherslu á að klára samning við BSRB eins fljótt og hægt er.

Stjórn sambandsins þakkar fyrir upplýsingarnar og ítrekar að samninganefnd sambandsins hefur fullt umboð til kjaraviðræðna við BSRB félög í samræmi við það sem rætt var um á fundinum.

2. Kjarasamningar 2023 - verkfallsboðun aðildarfélaga BSRB - 2304027SA

Inga Rún Ólafsdóttir, sviðsstjóri kjarasviðs sambandsins greindi frá fundum með framkvæmdastjórum sveitarfélaga.

Fundi var slitið kl. 09:15

55. stjórnarfundur Bergrisans bs.

18.04.2023

Staðsetning: Fjarfundur á Teams

Fundur hófst klukkan 15:30

Fundinn sátu: Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, Anton Kári Halldórsson, Ása Valdís Árnadóttir, Sandra Sigurðardóttir, Sigþrúður Birta Jónsdóttir, Ingibjörg Garðarsdóttir og Íris Ellertsdóttir sem jafnframt ritar fundargerð

Dagskrá

1. Fundargerð þjónusturáð- 167

Fundur haldinn 23. mars

Stjórn samþykkir fundargerðina

2. 2301140- Erindi frá sveitarfélaginu Árborg vegna þjónustumats
Lögð er fram beiðni frá sveitarfélaginu Árborg um gerð þjónustumats sem nýtt er til grundvallar þjónustu við einstakling.

Þjónusturáð Bergrisans leggur til við stjórn Bergrisans að samþykkja beiðnina.

Stjórn samþykkir beiðnina og felur félagsþjónustu Árborgar að vinna málið áfram.

3. Erindi frá Arnardrangri vegna framvindu byggingu íbúðakjarna fyrir fatlað fólk
Unnið hefur að skammtímafjármögnun vegna byggingu nýs íbúðakjarna. Húsnaðis og mannvirkjastofnun samþykkti ekki umsókn Arnardrangs um skammtímafjármögnun enda telur lánanefnd að ekki hafi verið sýnt fram á að kjör séu verulega hærri en almennt bjóðast á virkari markaðssvæðum. Sótt verður um fjármögnun á framkvæmdatíma til banka. Stjórn Arnardrangs hses óskar eftir að Bergrisins bs. fjármagni verkefnið á meðan lánaferli stendur yfir.

Stjórn samþykkir beiðnina en óskar eftir að fá erindi hverju sinni til umfjöllunar og afgreiðslu

4. Styrkir vegna aðgengismála

Á árunum 2021-2022 hefur Jöfnunarsjóður veitt sérstök framlög vegna aðgengismála. Stóðu aðildarsveitarfélög Bergrisans bs. saman að umsóknum. Svæðið fullnýtti ekki það framlag sem svæðinu var ætlað. Er verkefnastjóra Bergrisans falið að kanna hvort ennþá sé hægt að sækja um styrk að upphæð 18,6 mkr og þá hvernig verklagi Jöfnunarsjóðs er háttar.

Fundi slitið klukkan 16:10

56. stjórnarfundur Bergrisans bs.

15.05.2023

Staðsetning: Ráðhús Árborgar

Fundur hófst klukkan 10.30

Fundinn sátu: Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, Anton Kári Halldórsson, Ása Valdís Árnadóttir, Sandra Sigurðardóttir, Sigríður Birta Jónsdóttir, Ingibjörg Garðarsdóttir, Íris Ellertsdóttir sem ritar fundargerð. Eyrún Hafþórsdóttir og Elliði Vignisson sátu fundinn í fjarfundarbúnaði.

Dagskrá

1. Fundargerðir þjónusturáðs nr. 168 og 169

Svava Davíðsdóttir formaður þjónusturáðs fór yfir fundargerðir þjónusturáðs.
Eftirfarandi fundarliðir þarfust staðfestingar stjórnar.

Tillaga	þjónusturáðs	vegna	réttindagæslu
	Þjónusturáð hefur áhyggjur af réttindagæslu fatlaðs fólks. Óstöðugleiki hefur verið í réttindagæslunni til lengri tíma og þá hefur upplýsingaflæði verið verulega ábótavant. Staðan hefur leitt af sér hindrun í þjónustu í stað þess að vera styðjandi við notendur eins og henni ber að vera lögum samkvæmt. Þjónusturáð leggur til við stjórn að fela formanni ráðsins og verkefnastjóra Bergrisans bs. að vinna erindi til ráðherra.		

Stjórn samþykkir beiðnina og felur verkefnastjóra og formanni þjónusturáðs að vinna málið áfram.

Starfsreglur þjónusturáðs

Starfsreglur þjónusturáðs eru kynntar.

Stjórn samþykkir starfsreglur þjónusturáðs.

2. Ársreikningur 2022 lagður fram til kynningar og samþykktar

Ingibjörg Garðarsdóttir fjármálastjóri Árborgar fór yfir ársreikning Bergrisans bs. vegna ársins 2022.

Stjórn Bergrisans bs. samþykkir ársreikning 2022 samhljóða og staðfestir hann með undirritun sinni.

3. Lánabeiðni frá Arnardranginu hses vegna byggingar íbúðakjarna

Fyrir liggur lánabeiðni frá Arnardranginu hses vegna framkvæmda á byggingu íbúðakjarna við Nauthaga 2. Lánabeiðni er vegna framvindu 8 og 9 að upphæð 8.701.904 kr. Að auki er óskað eftir láni að upphæð 408.452 kr. vegna reikninga frá VSB verkfræðistofu sem hefur umsjón með verkefninu.

Stjórn Bergrisans samþykkir lánveitingu að upphæð 9.110.436 kr.

4. Umsóknir um aðgengisstyrki- verklag

Farið yfir verklag vegna umsókna um aðgengisstyrk

Sveitarfélög senda umsóknir um styrki samkvæmt áður útsendu verklagi til verkefnastjóra Bergrisans bs.

5. Önnur mál

Stjórn samþykkir að halda aukaaðalfund 15. júní klukkan 13:00 og felur verkefnastjóra að boða til fundarins.

Fundi slitið 11:22

57. stjórnarfundur Bergrísans bs.

19.05.2023

Föstudaginn 19.05.23 kl: 08.30 kom stjórn Bergrísans bs. saman á fjarfundi á Teams. Fundinn sátu: Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, Ása Valdís Árnadóttir, Anton Kári Halldórsson og Íris Ellertsdóttir sem ritar fundargerð.

Dagskrá

1. Styrkir vegna aðgengismála. Umsóknir um sérstök framlög úr Fasteignarsjóði Jöfnunarsjóðs

Fasteignarsjóði Jöfnunarsjóðs var á árunum 2021-2022 heimilt að úthluta samtals kr. 363 milljónum í sérstök framlög sem nema 50% af heildarkostnaði tiltekinna framkvæmda. Setti Fasteignarsjóður viðmið um dreifingu fjármagnsins og var ætlað að Suðurland fengi allt að 35.131.081.- kr. úthlutaðar vegna hlutdeilda Jöfnunarsjóðs. Var þjónustusvæðum gert að standa saman að umsóknum vegna verkefnisins.

Áður nefnt framlag var ekki fullnýtt af sveitarfélögum á starfssvæði Bergrísans bs. og hefur Jöfnunarsjóður heimilað sveitarfélögum að sækja um það sem eftir stendur af framlagi vegna áranna 2021-2022 sem eru 18,6 m.kr. í tilfelli Bergrísans bs.

Styrkirnir luttu að eftirtöldum verkefnum:

- a. Úrbætur á aðgengi fatlaðs fólks að byggingum í eigu sveitarfélaga eða þar sem um er að ræða byggingar í eigu annarra aðila en sveitarfélaga þar sem um samvinnuverkefni sveitarfélaga og einkaaðila er að ræða.
- b. Úrbætur þannig að biðstöðvar almenningssamgangna séu aðgengilegar öllu fötluðu fólk, svo og útvistarsvæði og almenningsgarðar.
- c. Úrbætur sem líta að viðeigandi aðlögun á vinnustöðum fatlaðs fólks, sem starfræktir eru skv. 2. mgr. 24. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018.

Til afgreiðslu nú eru styrkbeiðnir frá fimm sveitarfélögum. Skiptist styrkveiting hlutfallslega á milli umsókna eftir íbúafjölda að hámarki vegna 50% kostnaðarhlutdeilda:

Bláskógbabyggð

Tekið var til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Bláskógbabyggðar þar sem sótt er um framlag til úrbóta á aðgengi í Reykholtsskóla en setja þarf upp lyftu í húsnæðinu.

Samtals er kostnaður vegna framkvæmdanna áætlaður kr. 8.100.000.- og er sótt um 50% framlag Jöfnunarsjóðs skv. 3. gr. reglugerðar nr. 280/2021.

Að lokinni umfjöllun ákvað stjórn Bergrísans bs. að samþykkja umsóknina og leggur til að Fasteignarsjóður Jöfnunarsjóðs samþykki að veita framlag að fjárhæð 4.050.000.- kr.

Árborg

Teknar voru til umfjöllunar og afgreiðslu tvær styrkumsóknir frá sveitarfélagini Árborg þar sem sótt er um framlag til úrbóta á aðgengismálum:

Sótt er um framlag vegna úrbóta á aðgengismálum á grundvelli a. liðar verkefnisins þar sem bætt verður aðgengi að húsnæði í eigu sveitarfélagsins.

Samtals er kostnaður vegna framkvæmdar kr. 7.438.541.-

Að lokinni umfjöllun ákvað stjórн Bergrisans bs. að samþykkja umsóknina og leggur til að Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs samþykki að veita kr. 3.719.271.- til verkefnisins.

Sótt er um framlag vegna úrbóta á aðgengi við húsnæði í eigu sveitarfélags/leikskóla en gera þarf úrbætur á römpum og byggja ramp til að tryggja aðgengi.

Samtals er kostnaður við verkefnið kr. 1.378.922.-

Að lokinni umfjöllun ákvað stjórн Bergrisans bs. að samþykkja umsóknina og leggur til að Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs samþykki að veita kr. 689.461.- til verkefnisins.

Rangárþing eystra

Teknar voru til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Rangárþings eystra þar sem sótt er um framlag til úrbóta á aðgengismálum. Bárust tvær umsóknir frá sveitarfélagini, annars vegar á grundvelli a. liðar 3. gr.

Reglugerðar 280/2021 og hins vegar á grundvelli b. liðar sömu reglugerðar.

Sótt er um framlag á grundvelli a. liðar reglugerðar til kaupa á lyftu og uppsetningu á lyftubúnað fyrir sundlaugina á Hvolsvelli. Ekki er lyfta til staðar í sundlauginni en hún er nauðsynleg til að tryggja aðgengi fyrir alla.

Samtals er kostnaður vegna verkefnisins kr. 1.938.200.-

Að lokinni umfjöllun ákvað stjórн Bergrisans bs. að samþykkja umsóknina og leggur til að Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs greiði kr. 969.100.- vegna verkefnisins.

Sótt er um framlag vegna úrbóta á aðgengi á grundvelli b. liðar. Sótt er um styrk til að bæta aðgengi við þveranir yfir vegi á Hvolsvelli og til að koma fyrir gangbrautarleiðum.

Samtals er kostnaður áætlaður kr. 2.083.158.-

Að lokinni umfjöllun ákvað stjórн Bergrisans bs. að samþykkja umsóknina og leggur til að Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs samþykki að veita kr. 1.041.579.- til verkefnisins.

Grímsnes- og Grafningshreppur

Tekið var til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Grímsnes- og Grafningshrepps þar sem sótt er um framlag á grundvelli a. liðar reglugerðar til kaupa á lyftu og uppsetningu á lyftubúnað fyrir íþróttamiðstöðina í Borg í Grímsnesi. Ekki er lyfta til staðar í sundlauginni en hún er nauðsynleg til að tryggja aðgengi fyrir alla.

Samtals er kostnaður vegna verkefnisins kr. 2.609.680.-

Að lokinni umfjöllun ákvað stjórn Bergrisans bs. að samþykkja umsóknina og leggur til að Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs greiði kr. 1.304.840.- vegna verkefnisins.

Skaftárhreppur

Tekið var til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Skaftárhrepps þar sem sótt er um framlag á grundvelli a. liðar 3. gr. reglugerðar 280/2021 til kaupa á hurð með rafmagnsstýrðri hurðaopnun fyrir Héraðsbókasafn Skaftárhrepps annars vegar og hins vegar fyrir skrifstofur Skaftárhrepps að upphæð kr. 1.758.000.-. Jafnframt er sótt um styrk til að kaupa lyftu í sama húsnæði en heildarupphæð við kaup á lyftu og vinnu við uppsetningu eru kr. 4.450.000.-

Samtals er kostnaður vegna ofangreindra verkefna/framkvæmda kr. 6.208.000.-

Að lokinni umfjöllun ákvað stjórn Bergrisans bs. að samþykkja umsóknina og leggur til að Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs greiði kr. 3.104.000.-

Fundi slitið kl 08:59

Bergrisinn bs.

Ársreikningur 2022

Bergrisinn bs.
Kennitala 570915-0290
Austurvegi 2, 800 Selfoss

Efnisyfirlit	bls.
Skýrsla stjórnar	2
Áritun óháðs endurskoðanda	3 - 4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymi	7
Skýringar	8 - 12

*Bergrisinn bs.
Kennitala 570915-0290
Austurvegi 2, 800 Selfoss*

Skýrsla stjórnar

Meginstarfsemi Bergrisans bs.

Byggðasamlagið er stofnað skv. 94. gr. Sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er því falið skipulag og framkvæmd þjónustu við fallað fólk, sem á lögheimili í aðildarsveitarfélögum, í samræmi við lög nr. 59/1992 með síðari breytingum, um málefni fallaðs fólks.

Það er álit stjórnar Bergrisans bs. að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu Bergrisans bs. í árslok, rekstrararárangri ársins og fjárhagslegri þróun Bergrisans bs., komi fram í ársreikningnum.

Enginn starfsmaður var á launum hjá Bergrisanum bs. á árinu.

Framtíðaráform

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á rekstri Bergrisans bs.

Stjórn Bergrisans bs. staðfestir hér með ársreikning byggðasamlagsins fyrir árið 2022 með áritun sinni.

Selfossi,

Fjóla St. Kristinsdóttir
stjórnarformaður

Ása Valdís Árnadóttir
meðstjórnandi

Anton Kári Halldórsson
meðstjórnandi

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Bergrisans bs.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Bergrisans bs. fyrir árið 2022, að undanskilinni skýrslu stjórnar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu byggðasamlagsins á árinu 2022, efnahag þess 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Ársreikningurinn innifelur

- Skýrslu stjórnar.
 - Rekstrarreikning ársins 2022.
 - Efnahagsreikning 31. desember 2022.
 - Sjóðstreymi ársins 2022.
 - Skýringar, sem innifela helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.
- Skýrsla stjórnar er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

Óhæði

Við erum óháð samlaginu samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglina sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi samlagsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglina.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar

Stjórn ber ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar sem lá fyrir við áritun okkar. Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til skýrsla stjórnar og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi samlagsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrsla stjórnar höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningum.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna svíksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum samlagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning samlagsins á þeiri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa samlagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi þess. Stjórnendum samlagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með áliti okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftifarandi:

Greiðum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir áliti okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhættu af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits samlagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi samlagsins eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemendum um rekstrarhæfi þess. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausu áliti. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að samlagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álít okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti ef við á.

Selfossi,

PricewaterhouseCoopers ehf.

Örvar Omrí Ólafsson
Löggiltur endurskoðandi

Undirritun endurskoðanda er rafræn og er aftast á ársreikningnum.

Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýringar	2022	2021
Rekstrartekjur	3		
Framlög Jöfnunarsjóðs		2.050.250.054	1.604.908.919
Framlög aðildarsveitarfélaga		315.168.000	273.432.000
Viðbótarframlög aðildarsveitarfélaga		0	450.000.000
Aðrar tekjur		25.794.887	55.242.241
		<u>2.391.212.941</u>	<u>2.383.583.159</u>
Rekstrargjöld	4		
Rekstrarframlög		2.128.984.053	2.146.267.052
Stuðningsfjölskyldur		28.130.916	26.054.324
Samningur við Árborg, umsýslukostnaður		29.084.425	31.916.594
Annar rekstrarkostnaður		204.440.148	177.376.936
		<u>2.390.639.542</u>	<u>2.381.614.906</u>
Rekstrarrafkoma fyrir afskriftir og fjármagnsliði		573.399	1.968.253
Afskriftir	8	<u>(972.642)</u>	<u>(2.218.642)</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(399.243)	(250.389)
Fjármagnsliðir	6		
Vaxtatekjur		2.900.008	289.043
Fjármagnstekjkuskattur		(608.097)	(36.249)
Vaxtagjöld og bankakostnaður		(3.996)	(2.405)
		<u>2.287.915</u>	<u>250.389</u>
Afkoma ársins		<u>1.888.672</u>	<u>0</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýringar	31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Fasteign		44.741.532	45.714.174
Bifreið		1.246.000	1.246.000
		<u>45.987.532</u>	<u>46.960.174</u>
Áhættufjármunir:	9		
Skuldabréf		<u>18.260.206</u>	<u>18.124.274</u>
Fastafjármunir samtals		64.247.738	65.084.448
Veltufjármunir			
Krafa á Jöfnunarsjóð		286.747.487	165.330.988
Skammtímaskröfur	10	138.366.901	488.194.499
Aðrar kröfur (endurkræfur vsk)		7.664.001	7.043.890
Handbært fé	11	<u>271.219.068</u>	<u>13.655.182</u>
		<u>703.997.457</u>	<u>674.224.559</u>
Eignir samtals		<u>768.245.195</u>	<u>739.309.007</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	12	<u>1.888.672</u>	<u>0</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir:			
Aðrar skammtímaskuldir	13	<u>766.356.523</u>	<u>739.309.007</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>768.245.195</u>	<u>739.309.007</u>
Aðrar upplýsingar		1, 2, 7, 14	

Sjóðstreymi ársins 2022

	Skýringar	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		1.888.672	0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	8	972.642	2.218.642
Áfallnar óinnheimtar tekjur	9	(135.932)	(124.274)
		2.725.382	2.094.368
Breytingar rekstartengdra eigna- og skuldaliða:			
(Hækkun) lækkun skammtímakrafna		227.790.988	(414.224.806)
(Lækkun) hækkun skammtímaskulda		27.047.516	422.901.659
		254.838.504	8.676.853
Handbært fé frá rekstri			
		257.563.886	10.771.221
Fjárfestingahreyfingar			
Skuldarbréf - lán til Sólheima	9	0	(18.000.000)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
		257.563.886	(7.228.779)
Handbært fé í árslok			
	11	13.655.182	20.883.961
		271.219.068	13.655.182

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Byggðasamlagið er stofnað skv. 94. gr. Sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er því falið skipulag og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk, sem á lögheimili í aðildarsveitarfélögunum, í samræmi við lög nr. 59/1992 með síðari breytingum, um málefni fatlaðs fólks. Upplýsingar um aðildarsveitarfélög og eignarhlut hvers sveitarfélags er að finna í skýringu 14.

Bergrisinn bs er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur félagsins er að Austurvegi 2, 800 Selfossi.

2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem eru þær sömu og árið á undan. Ársreikningurinn er gerður á grundvelli áframhaldandi rekstrarhæfis.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta rauveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir helstu liða er að finna í viðeigandi skýringum.

3. Innlausn tekna

Tekjur í rekstrarreikningi eru færðar á grundvelli þjónustusamninga við aðildarsveitarfélög og framlaga frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Aðrar tekjur samanstanda af styrkjum og sérstökum framlögum. Styrkir og framlög eru færð til tekna við móltóku greiðslu og tekjur af veitri þjónustu eru innleystar eftir því sem þjónustan er innt af hendi.

Framlög aðildarsveitarfélaga greinast þannig:	2022	2021
Sveitarfélagið Árborg.....	136.968.000	120.624.000
Bláskógbabyggð.....	13.944.000	11.568.000
Flóahreppur.....	7.896.000	6.936.000
Grímsnes- og Grafningshreppur.....	6.456.000	5.472.000
Hrunamannahreppur.....	10.332.000	8.640.000
Hveragerðisbær.....	37.296.000	32.304.000
Skeiða- og Gnúpverjahreppur.....	6.300.000	6.192.000
Sveitarfélagið Ölfus.....	30.264.000	26.544.000
Ásahreppur.....	3.408.000	2.616.000
Mýrdalshreppur.....	10.656.000	8.208.000
Rangárþing eystra.....	22.920.000	19.800.000
Rangárþing ytra.....	21.744.000	18.744.000
Skaftárhreppur.....	6.984.000	5.784.000
	315.168.000	273.432.000

Vlöbótarframlög aðildarsveitarfélaga greinast þannig:

Sveitarfélagið Árborg.....	0	199.498.050
Bláskógbabyggð.....	0	19.112.737
Flóahreppur.....	0	11.477.630
Grímsnes- og Grafningshreppur.....	0	7.577.692
Hrunamannahreppur.....	0	14.294.400
Hveragerðisbær.....	0	53.410.659
Skeiða- og Gnúpverjahreppur.....	0	10.207.586
Sveitarfélagið Ölfus.....	0	43.906.253
Ásahreppur.....	0	3.640.510
Mýrdalshreppur.....	0	13.564.226
Rangárþing eystra.....	0	32.739.048
Rangárþing ytra.....	0	31.000.668
Skaftárhreppur.....	0	9.570.540
	0	450.000.000

Skýringar

4. Rekstrarframlög

Rekstrarframlög Bergrisans bs. greinast þannig:	2022	2021
Árborg, Vallholt 9	143.588.494	131.263.515
Árborg, Vallholt 12-14	133.634.930	124.351.177
Vallholt 27 - Búsetuúrræði fyrir börn	126.366.538	125.572.086
Árborg, Þjónustumiðstöð Áftarima	116.109.069	99.387.322
Árborg, VISS	103.749.389	101.764.415
Greiðslur vegna NPA og beingreiðslusamninga	265.368.127	243.906.658
Framlög vegna lengdrar viðveru	21.469.484	13.440.401
Kópurinn	23.437.457	24.385.102
Langtímaleikindi NPA	0	3.037.433
Framlög vegna langtímaleigusamninga	259.906	492.944
Hveragerðisbær, Birkimörk	147.697.689	137.108.921
Sveitarfélagið Ölfus, Selvogsbraut	164.380.231	159.879.712
Sveitarfélagið Ölfus, VISS	23.198.172	25.955.202
Sambýlið Breiðabólsstaður slf	0	21.215.937
Hrunamannahreppur, VISS	13.590.679	14.479.615
Rangárþing eystra, VISS	15.173.882	15.555.459
Skaft Holt, sjálfseignarstofnun	126.943.000	158.881.864
Sólheimar ses	704.017.006	630.987.973
Óutdeild framlög	0	114.601.316
	2.128.984.053	2.146.267.052

5. Stuðningsfjölskyldur

Markmið með stuðningsfjölskyldu er að styðja foreldra í foreldrahlutverki sínu, veita þeim hvíld og/eða styrkja stuðningsnet barns eftir því sem við á og auka möguleika barnsins á félagslegri þátttöku.

6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar við móttöku greiðslu. Áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og annarra krafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Byggðasamlagið er undanþegið tekjuskatti og er greiddur fjármagnstekjkattur því gjaldfærður meðal fjármagnsliða í rekstrarrekningi.

7. Tekjuskattur

Starfsemi byggðasamlagsins fellur undir 4. tl. 4. gr. laga nr. 90/2003 og er samlagið ekki tekjuskattsskylt.

8. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Fasteign	Bifreið	Samtals
Árið 2021:			
Heildarverð í upphafi árs.....	48.632.100	6.230.000	54.862.100
Afskrifað í upphafi árs.....	1.945.284	3.738.000	5.683.284
Afskrifað á árinu.....	972.642	1.246.000	2.218.642
Afskrifað í lok árs.....	2.917.926	4.984.000	7.901.926
Bókfært verð í lok árs.....	45.714.174	1.246.000	46.960.174

Skýringar

8. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir, framhald

	Fasteign	Bifreið	Samtals
Árið 2022:			
Heildarverð í upphafi árs.....	48.632.100	6.230.000	54.862.100
Afskrifað í upphafi árs.....	2.917.926	4.984.000	7.901.926
Afskrifað á árinu.....	972.642	0	972.642
Afskrifað í lok árs.....	3.890.568	4.984.000	8.874.568
Bókfært verð í lok árs.....	<u>44.741.532</u>	<u>1.246.000</u>	<u>45.987.532</u>

Fasteignamat fasteignar samlagsins nemur 73.750.000, våtryggingaverömæti nemur kr. 74.950.000.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til þess að gjaldfæra mismun á kostnaðarverði og hrakvirði á áætluðum endingartíma eignanna sem hér segir:

Fasteign	50 ár
Bifreið	5 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

9. Skuldabréf

Skuldabréf vegna láns Bergrisa bs. til Sólheima er óverðtryggt og ber 0,75% vexti. Gjalddagi er einn þann 29. janúar 2031. Vextir leggjast við höfuðstól skuldarinnar og verða innheimtir á gjalddaga skuldabréfsins.

	2022	2021
Staða 1.1.	18.124.274	0
Veitt lán á árinu	0	18.000.000
Afallnir vextir	135.932	124.274
Staða 31.12.	<u>18.260.206</u>	<u>18.124.274</u>

Skýringar

10. Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði og sundurliðast þannig:

	2022	2021
Sveitarfélagið Árborg.....	67.169.622	211.930.051
Hveragerðisbær	13.094.915	59.028.659
Sveitarfélagið Ölfus	4.766.000	46.714.253
Bláskógabyggð	2.304.000	19.976.737
Hrunamannahreppur	4.158.660	15.718.400
Rangárþing ytra	6.019.898	32.608.668
Ásahreppur	504.000	3.904.510
Mýrdalshreppur	2.496.000	14.476.226
Rangárþing eystra	2.328.000	35.049.048
Skaftárhreppur	7.901.390	10.962.540
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	360.000	10.567.586
Grímsnes og Grafningshreppur	1.032.000	8.495.692
Flóahreppur	2.109.480	11.703.630
Ríkissjóður Íslands	24.064.437	0
Sólheimar	0	7.000.000
Bjarni Tómasson	58.499	58.499
	<hr/> 138.366.901	<hr/> 488.194.499

11. Handbært fé

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstremi samanstendur af óbundnum bankainnistæðum.

12. Elgið fé

Yfirlit um breytingu eiginfjárréikninga:

Óráðstafað
eigið fé

Staða 1/1.....	0	
Afkoma ársins.....	1.888.672	
Staða 31/12.....	<hr/> 1.888.672	

13. Aðrar skammtímaskuldir

	2022	2021
Aðrar skammtímaskuldir eru færðar á nafnverði og greinast þannig:		
Sveitarfélagið Árborg.....	160.378.284	399.953.274
Hveragerðisbær	31.066.032	72.485.245
Sveitarfélagið Ölfus	29.039.192	107.032.411
Bláskógabyggð	306.750	0
Hrunamannahreppur	2.436.675	6.622.418
Rangárþing eystra	4.501.511	8.690.811
HLH ehf	654.720	384.400
EAP ráðgjöf slf	0	1.939.360
VSB-verkfræðistofa ehf	502.844	0
Lögmann Suðurlandi ehf	611.754	172.546
Fræðslunetið - símenntun ses	279.171	0
Ás styrktarfélag	1.669.712	0
Viðbótarframlag ársins 2022 til endurgreiðslu	392.881.336	0
Óutdeildur rekstrarafgangur	142.028.542	142.028.542
	<hr/> 766.356.523	<hr/> 739.309.007

Skýringar

14. Aðrar upplýsingar

Byggðasamlagið er stofnað skv. 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og bera sveitarfélögin einfalda ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum byggðasamlagsins en innbyrðis skiptist ábyrgðin í samræmi við eignarhluta hvers sveitarfélags sem miðast við fjölda íbúa sem Hagstofa Íslands birtir 1. janúar ár hvert. Eignarhluti hvers sveitarfélags er reiknaður með sama hætti.

Eignarhlutur aðildarsveitarfélaga greinist þannig:	1.janúar 2023	1.janúar 2022
Sveitarfélagið Árborg.....	42,0%	42,4%
Bláskógabyggð	4,8%	4,6%
Flóahreppur	2,6%	2,7%
Grímsnes- og Grafningshreppur	2,0%	2,1%
Hrunamannahreppur	3,3%	3,2%
Hveragerðisbær	12,0%	11,7%
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	2,2%	2,3%
Sveitarfélagið Ölfus	9,6%	9,7%
Ásahreppur	1,1%	1,0%
Mýrdalshreppur	3,3%	3,2%
Rangárþing eystra	7,6%	7,7%
Rangárþing ytra	7,0%	7,1%
Skaftárhreppur	2,5%	2,5%
	100,0%	100,0%

Starfsreglur þjónusturáðs Bergrisans bs.

Hlutverk og markmið

1. Þjónusturáð er skipað yfirmönnum eftirtalinna félagsþjónustusvæða: Velferðarþjónustu Árborgar, Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings, Félags- og skólabjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, Fjölskyldu- og fræðslusviðs Ölfus, Fræðslu- og velferðarsviðs Hveragerðis
2. Þjónusturáð fundar að jafnaði aðra hverja viku og skilar fundargerðum til stjórnar Bergrisans bs. Fundargerðir þurfa samþykki stjórnar Bergirsans og teljast þá hafa öðlast gildi.
3. Þjónusturáð er skipað fimm aðalmönnum og fimm til vara. Velur þjónusturáð sér formann á fyrsta fundi þjónusturáðs hvert ár.
4. Á fundum þjónusturáðs situr starfsmaður ráðsins og ritar hann fundargerð. Starfsmaðurinn er tengill fagteymis við þjónusturáð.
5. Fulltrúar í þjónusturáði eru áheyrnarfulltrúar á stjórnarfundum Bergrisans bs. og hafa þar málfrelni og tillögurétt. Fulltrúar þjónusturáðs hafa ekki atkvæðisrétt á stjórnarfundum Bergirsans bs.
6. Þjónusturáð skipar fagteymi Bergirsans. Í fagteymi sitja fimm sérhæfðir starfsmenn í málefnum fatlaðs fólks og fagaðilar í velferðar-/félagsþjónustu sveitarfélaga og fimm til vara.

Meginviðfangsefni

Meginhlutverk Bergrisans bs. er að tryggja að þjónusta við fatlað fólk sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir og ríkjandi hugmyndafræði í málefnum fatlaðs fólks hverju sinni. Þjónusturáð Bergrisans starfar í umboði stjórnar og á í nánu samstarfi við verkefnastjóra Bergrisans bs.

Þjónusturáð sinnir stefnumótandi verkefnum, þ.e. það gerir tillögur um verkefni sem teljast stefnumótandi í samvinnu við verkefnastjóra Bergrisans. Ráðið er í virku samráði við fatlað fólk, aðstandendur og samtök þeirra við stefnumótun og framkvæmd þjónustu.

Starfsskyldur:

Þjónusturáð Bergrisans bs. skal vinna samkvæmt starfsreglum þessum og öðrum reglum sem um málaflokkinn gilda:

1. Lögum og reglugerðum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og öðrum þeim lögum og reglugerðum sem tengjast málefnum fatlaðs fólks.
2. Öðrum samþykktum og reglum sem stjórn Bergrisans setur og snúa að starfsháttum og varða verksvið þjónusturáðs.

Helstu verkefni:

1. Vinnur að stefnumótun og aðgerðaráætlun í málefnum fatlaðs fólks í samvinnu við verkefnastjóra Bergrisans bs.
2. Vinnur að heildarmarkmiðum varðandi gæði þjónustu.
3. Gerir tillögur til stjórnar Bergrisans varðandi stefnumótun.
4. Geggir samhæfingarhlutverki, tryggir innleiðinu samhæfðs verklags á sínu þjónustusvæði.
5. Eftirlit með faglegri þjónustu, starfs- og fjárhag og rekstri þeirra úrræða sem heyra undir þjónustusvæði hvers fulltrúa og veitir aðhald varðandi fjárhagsstöðu þeirra.

6. Vinnur að úrbótum á rekstri og framkvæmd þjónustunnar og tekur þátt í þróun nýrra úrræða.
7. Leggur fram erindi til stjórnsýslu Bergrisans bs. fyrir hönd síns þjónustusvæðis.
8. Ber ábyrgð á að tryggja innleiðingu og framkvæmd þeirra erinda sem stjórn Bergrisans hefur samþykkt.
9. Vinnur ársskýrslu þjónusturáðs í samvinnu við starfsmann ráðsins og birtir fyrir maí ár hvert. Í ársskýrslu skal m.a. birt samantektin tölfræði um þjónustuna og birtar niðurstöður og upplýsingar í samræmi við stefnu í málaflokknum og árangursmælikvarða.

Réttindi og skyldur:

Þjónusturáð skal gæta trúnaðar í öllum málum sem það vinnur að og helst sá trúnaður eftir að fulltrúi lætur af setu í ráðinu.

Endurskoðun starfsreglna

Starfsreglur þessar skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti

Sérhver fulltrúi í þjónusturáði fær afrit af starfsreglunum

Gildistaka

Reglur þessar taka gildi 15.05.2023

Samþykkt af stjórn Bergrisans bs. 15.05.2023

FUNDARGERÐ STJÓRNAR BYGGÐASAFNS ÁRNESINGA

6. fundur stjórnar Byggðasafns Árnesinga var haldinn þriðjudaginn 30. maí 2023 kl. 13,20 í sal Búðarstígs 22 á Eyrarbakka. Fundinn sátu Sandra Sigurðardóttir formaður, Þórildur Dröfn Ingvaradóttir og Árni Eiríksson. Fundinn sat einnig Lýður Pálsson safnstjóri sem skrifastaði fundargerð. Fundargerðin var færð í tölvu.



**BYGGÐASAFN
ÁRNESINGA**

1. **Byggðasafn Árnesinga 70 ára.** Þann 1. júní 1953 hóf Skúli Helgason frá Svínavatni að skrá gripi til Byggðasafns Árnesinga í aðfangabók. Safnið er því 70 ára um þessar mundir. Ásgrímsleiðin er liður í afmæli safnsins og vefsýning á síðunni www.sarpur.is. Safnstjóri hefur einnig minnt á þessi tímamót með greinaskrifum. Opið hús verður í október í tilefni afmælisins.

2. **Búðarstígar 22 – lokaúttekt.** Safnstjóri sagði frá tilurð og stöðu mála. Tvö ár eru frá því framkvæmdum lauk en lokaúttekt er eftir. Stjórn safnsins felur safnstjóra og Samúel Smára Hreggvíðssyni hönnuði verksins að afgreiða málið eins fljótt og auðið er.

3. **Yfirlýsing um breytingu á lóðarleigusamningi.** Með lóðarleigusamningi, dags. 1. október 1984, var Einarshöfn hf. leigð lóð úr lendum hreppsins Eyrarbakka (nú Sveitarfélagið Árborg, kt. 650598-2029), nr. 22 við Búðarstíg, landnúmer 165901. Rétthafar samkvæmt lóðarleigusamningi þessum eru nú Byggðasafn Árnesinga, kt. 450464-0159 og Sveitarfélagið Árborg, kt. 650598-2029. Aðilar lýsa því yfir að framangreindum lóðarleigusamningi sé breytt þannig, að hann fellur úr gildi vegna eftirfarandi lóðarhluta: lóð 77,2 fermetrar að stærð, landnúmer 235234, sem sveitarfélagið hefur leigt til HS veitna ehf., kt. 431208-0590, með lóðarleigusamningi dags. 12. apríl 2023, en mörk lóðarinnar eru á lóðarblaði sem honum fylgir. Stærð lóðarinnar að Búðarstíg 22, Sveitarfélaginu Árborg, skv. lóðarleigusamningi dags. 1. október 1984 minnkar því skv. framanrituðu um 77,2 fermetra. Að öðru leyti skal lóðarleigusamningur, dags. 1. október 1984 standa óhaggaður. Stjórn Byggðasafns Árnesinga veitir Lýði Pálssyni safnstjóra, kt. 300666-2999 heimild til að undirrita til staðfestu yfirlýsingu um breytingu á lóðarleigusamningi.

4. **Leigu- og bjónustusamningar.** Samþykkt að fela safnstjóra að draga saman allar upplýsingar um gildandi bjónustu- og leigusamninga sem safnið á aðild að og leggja fyrir næsta fund.

5. **Rekstur safnsins.** Stjórn safnsins verður sent sex mánaða uppgjör í júlí.

6. **Starfsemin.** Um þessar mundir koma gestir ört á safnið, einkum skólahópar og erlendir ferðamenn, einnig þeir sem fara Ásgrímsleiðina á eigin vegum og koma við á safninu. Mikill tími fer í að skipuleggja skólaheimsóknir og verið er að vinna að gerð næstu sýningar í borðstofu sem opnar seint í júlí. Verið er að móta nýja heimasiðu sem fer í loftið þegar hún er tilbúin. Söfnin eru opin alla daga og þjálfun nýs sumarstarfsfólks hefur tekist vel. Framundan eru sumarorlofstímar hjá fagmenntuðu starfsfólk en að leyfum loknum tekur við innra starf við nýskráningu og umsýslu safnmuna.

7. **Næsti fundur.** Næsti fundur verður ákveðinn síðar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 14,30.

Sandra Sigurðardóttir.
Þórildur Ingvaradóttir.
Árni Eiríksson.

230530stjórnarfundur hjá Byggðasafni Árnesinga nr. 6-1



Almannavarnir Árnessýslu

2. fundur Almannavarnarnefndar Árnessýslu, haldinn föstudaginn 2. júní 2023 kl: 13:00 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.

Mætt:

Sveitarfélagið Árborg	Fjóla St. Kristinsdóttir
Grímsnes og Grafningshreppur	Iða Marsibil Jónsdóttir
Hveragerðisbær	Geir Sveinsson
Flóahreppur	Hulda Kristjánsdóttir
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	Haraldur Þór Jónsson
Bláskógabyggð	Ásta Stefánsdóttir
Lögreglan á Suðurlandi	Grímur Hergeirsson
Lögreglan á Suðurlandi	Oddur Árnason
Lögreglan á Suðurlandi/AÁ	Björn Ingi Jónsson
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Baldvina Hafsteinsdóttir
Almannavarnir/Brunavarnir Árnessýslu	Pétur Pétursson
Brunavarnir Árnessýslu	Unna Björg Ögmundsdóttir (fundarritari)

Fjóla St. Kristinsdóttir, formaður, setur fundinn og býður fólk velkomið.

1. Viðbragðsáætlanir fyrir Suðurland

Björn Ingi kynnir fyrirhugaðar breytingar á framsetningu á viðbragðsáætlunum fyrir Suðurland.

2. Viðbragðsáætlun vegna samfélagslegra áfalla

Björn Ingi talar um þörfina fyrir að endurskoða viðbragðsáætlanir vegna samfélagslegra áfalla sem til er í öllum sveitarfélögum og kominn tími á að uppfæra. Björn Ingi kynnir helstu kafla áætlunarinnar og hvað þarf að skoða sérstaklega. Vinnan fer að mestu leyti fram heima í héraði en Björn Ingi tekur þátt í endurskoðuninni með hverju sveitarfélagi.

3. Hópslysaáætlun

Björn Ingi kynnir hópslysaáætlun fyrir Suðurland sem er sú áætlun sem oftast er virkjuð eða unnið eftir í umdæminu. Kominn er tími til að endurskoða þá áætlun. Almannavarnarnefnd Árnessýslu samþykkir að hafin verði vinna við endurskoðun á hópslysaáætlun fyrir Suðurland.

4. Starfshættir og skipulag lögreglunnar á Suðurlandi sumarið 2023.

Grímur Hergeirsson kynnir starfshætti og skipulag lögreglunnar á Suðurlandi sumarið 2023 en búist er við miklum fjölda ferðamanna á starfssvæði lögreglunnar í sumar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:15.

*Fjóla St. Kristinsdóttir
Pétur Pétursson
Ólafur Þorvaldsson
Baldvina Hafsteinsdóttir
Hulda Kristjánsdóttir
Haraldur Þór Jónsson
Ásta Stefánsdóttir
Grímur Hergeirsson
Oddur Árnason
Björn Ingi Jónsson
Baldvina Hafsteinsdóttir
Pétur Pétursson
Unna Björg Ögmundsdóttir (fundarritari)
BJJ*